BLAÐ SKÍÐAFÉLAGS ÍSFIRÐINGA

SKÍÐABLAÐIÐ



Kaffihús • Veitingar • Skemmtun

KAFFI EDINBORG BÝÐUR UPPÁ GLÆSILEGAN PÁSKAMATSEÐIL



DAGSKRÁ KAFFI EDINBORGAR UM PÁSKANA:

Miðvikudagur
Lifandi tónlist á Kaffi Edinborg

Fimmtudagur (Skírdagur):
Ágúst Atlason opnar ljósmyndasýninguna „NV-Vestfirðir II"
Lifandi tónlist á Kaffi Edinborg

Föstudagurinn Langi:
Hljómsveitir frá Aldrei fór ég suður munu spila í bryggjusal

Laugardagur:
Hljómsveitir frá Aldrei fór ég suður munu spila í bryggjusal

Sunnudagur – (Páskadagur):
Hljómsveitin SSSól með stórdansleik

KAFFI EDINBORG
Café • Restaurant • Bar

Öflugt foreldrastarf Skíðafélags Ísfirðinga

Á bak við hvert íþróttafélag er öflugur hópur foreldra sem lætur hlutina gerast. Þannig er það einmitt hjá Skíðafélagi Ísfirðinga, við eigum frábæran hóp foreldra sem er boðinn og búinn að starfa fyrir félagið. Iðkendurnir eru auðvitað það mikilvægasta í starfi hvers íþróttafélags en foreldrarnir þurfa að fylgja með.

Í vetur hefur reksturinn verið heldur erfiður þar sem mun erfiðara hefur verið að fá styrki frá fyrirtækjum en oft áður. Þá leitum við inn á við í okkar nærhóp og gerum hlutina sjálf og það er frábært hvað foreldrar eru jákvæðir og tilbúnir að vinna fyrir félagið sitt. Ég er ótrúlega stolt af foreldrum skíðabarna sem brugðust skjótt og vel við kalli stjórnar um að bæta á sig meiri sjálfboðavinnu. Að sjálfsögðu hefur það alltaf verið þannig að foreldrar vinni fyrir félagið en í breyttu þjóðfélagi þar sem allir eru á haus í vinnu, námi, félagsstörfum og öðrum tómstundum er það virðingarvert að foreldrar gefi sér tíma til að sinna áhugamálum barna sinna og vinna að hag félagsins. Það að foreldrar starfi fyrir félagið sem barnið stundar sína íþrótt í styrkir barnið, það eru meiri líkur á að það haldi lengur áfram að æfa, það skapast jákvæð tengsl milli félagsins og fjölskyldna auk þess sem það er hressandi og skemmtilegt að taka þátt í félagsstörfum.
Okkar helstu verkefni eru að halda mót, bæði innanfélagsmót og svo stærri mót eins og bikarmót og í apríl höldum við Unglingameistaramót Íslands. Við svona mótahald þarf gífurlegan fjölda fólks til starfa og þar koma foreldrar boðnir og búnir. Nú í Skíðaviku eru fjölmörg skemmtileg atriði á dagskrá og til að þau verði að veruleika eru foreldrar skíðabarna í sjálfboðavinnu alla Skíðavikuna. Í skíðaskálanum í Tungudal standa foreldrar vaktina og afgreiða pylsur og heimabakað bakkelsi af þvílíkri snilld og með bros á vör auk þess að stunda ýmsar aðrar fjáraflanir með börnum sínum, sérstaklega þau sem fara á Andrésar andar leikana. En við foreldrar uppskerum svo heilmikið fyrir það því það að fara með barni sínu á Andrés er frábært og er orðið að heilmikilli fjölskylduferð hjá foreldrum og skíðabörnum. Upplifunin og samheldnin hjá foreldrum er einstök.

Ég vil því enn og aftur þakka ykkur, kæru foreldrar, fyrir samvinnu og jákvætt hugarfar, án ykkar væri starfið ekki mögulegt.
Að endingu vil ég bjóða alla Skíðavikugesti velkomna, nægur snjór er á dölunum tveimur og glæsileg dagskrá í boði alla vikuna.

Jóna Lind Karlsdóttir,
formaður Skíðafélags Ísfirðinga.

Skíðablaðið

Útgefandi: Skíðafélag Ísfirðinga
Ábyrgðarmaður: Jóna Lind Karlsdóttir
Ritnefnd: Birna Lárusdóttir, Rannveig Halldórsdóttir, Sólrún Geirsdóttir
Forsíðumyndina tók Anna Bjarnadóttir af Örnu Sigríði Albertsdóttur á Akureyri í febrúar 2009.
Hönnun: Bix (Birgir Örn Sigurjónsson)
Prentvinnsla: H-Prent ehf

Stjórn SFÍ:
Jóna Lind Karlsdóttir, **formaður,**
Sólrún Geirsdóttir, **varaformaður,**
Kristín Bjarnadóttir, **gjaldkeri,**
Málfríður Hjaltadóttir, **ritari,**
Karl K. Ásgeirsson, **meðsjtórnarndi,**
Benedikt Bjarnason, **varamaður,**
Jóhanna Einarsdóttir, **bókari.**
Heimasíða: www.snjor.is

SKÍDAVIKAN 2009 ÍSAFIRÐI

Skíðavikustjóri: Margrét Halldórsdóttir

Guðmundur og Dæja á fyrstu árunum fyrir vestan

„Bjartsýnin og áhuginn dreif okkur áfram“

Í seinni tíð hefur hann verið þekktur um allt land fyrir eldmóð og atorku í þágu smábátasjómanna. Lengi var hann einn helsti talsmaður fatlaðra á Vestfjörðum en á árum áður, þegar starfsgetan var í hámarki, þekktu hann allir fyrir merkilegt brautryðjendastarf í þágu skíðaíþróttarinnar á Vestfjörðum, ekki síst í Bolungarvík sem hefur verið heimabær hans í hartnær hálfa öld. Guðmundur Halldórsson er nánast þjóðsagnapersóna. Hann er oftast kallaður Gummi Golli eða Gvendur Golli og skírnarnafnið nánast bara notað á tyllidögum. Viðurnefnið Golli var sótt í sjóinn strax í æsku en sjómennskan hefur einkennt allt hans líf.

Við mælum okkur mót að morgni dags á Ísafirði. Þar er hann fæddur og uppalinn og greinilegt er að æskuminningarnar þaðan eru margar og ljúfar. „Þegar ég er strákur hérna á Ísafirði voru fjörurnar og göturnar leiksvæðið okkar. Ég hafði aldrei farið á barnaleikvöll, það þekktist ekki. Við sáum um okkur sjálf. Það eina sem við vorum áminnt um var að fara ekki á bryggjurnar og það gerði þær auðvitað spennandi fyrir vikið. Göturnar voru fullar af leikjum. Krakkarnir bjuggu til flugdreka, teygjubyssur, baunarör og kajakar voru smíðaðir hér. Það var mikið af þeim á Pollinum. Allt var iðandi af lífi.”

Man þegar klósettið kom

Guðmundur fæddist á efstu hæð á hanabjálkalofti í Ásbyrgi á Ísafirði 21. janúar 1933. Foreldrar hans voru Kristín Guðfinnsdóttir frá Litla Bæ í Skötufirði og Halldór Jónsson frá Fossum í Skutulsfirði. Í Ásbyrgi hafði fjölskyldan eldhús með annarri fjölskyldu, sem var algengt á þeim tíma. Þá var vatnsveitan ekki það öflug svo að vatnið náði aðeins upp á aðra hæð. Ekkert klósett var á þeim tíma, aðeins útikamar. „Kolin og vatnið voru borin upp á efstu hæð og askan borin niður. Ég var tveggja ára þegar ég fór úr Ásbyrgi og upp í Hrannargötu og þá var heldur ekkert klósett þar. Ég man þegar klósettið kom en ég var samt mjög ungur. Þetta er í kreppunni. Það var heldur engin sorphirða á Ísafirði á þessum tíma. Á bryggjunni í Sundstræti, Dokkunni, voru bryggjustubbar sem voru kallaðir öskubryggjur og þar var öllu sorpinu hent í sjóinn. Fólk fór bara með föturnar niður á bryggju.”

Á þessum árum voru fjölskyldur gjarnan barnmargar en systkinahópur Guðmundar taldi fimm börn, sem þótti ekki sérstaklega margt í þá daga. Jón Páll er elstur, Una næstelst en Guðmundur er þriðji í röðinni. Fimm ár líða þar til Ólafur Bjarni, eldri, kemur í heiminn og önnur fimm þar til Ólafur yngri lítur dagsins ljós.

Okkur var lofað öðrum Óla

Róðurinn þyngist í samtalinu þegar talið berst að Óla hinum fyrri, eins og Guðmundur nefnir hann. Þungbær æskuminning skýtur upp kollinum. „Hann varð undir bíl hér á Ísafirði. Það var fyrsta dauðaslysið á Vestfjörðum af völdum bíls. Það voru fáir bílar til á Íslandi þá. Þetta var árið 1940 - ég var sjö ára. Það

var að koma nýr vörubíll í bæinn. Þessi bíll kom með skipi, dekkjalaus. Eigandinn átti dekk fyrir og því kom hann á felgunum. Þegar strandferðaskip komu til Ísafjarðar í þá daga bókstaflega fylltist bryggjan. Það fóru allir sem vettlingi gátu valdið niður á bæjarbryggju. Þegar bíllinn kom var bryggjan full af fólki. Krökkunum þótti það svo merkilegt að það skyldi vera að koma bíll. Þau stóðu í röðum sitthvorum megin við þegar bílnum var slefað á land. Óli var tveggja ára og hann hljóp á festina á milli og bílstjórinn, eigandinn, sat í aftara sætinu og gat ekkert gert. Óli varð undir felgunum á bílnum. Ég var ekki á staðnum og það þekkti enginn barnið nema krakkarnir og ég man það ennþá þegar ég kom þarna að þá segja þau: „Hann Óli bróðir þinn er dáinn". Ég hleyp heim til mömmu og færi henni tíðindin, sjö ára gamall. Hún fer með mig upp á Sjúkrahúsið, það var gengið inn bakdyramegin og upp tröppurnar, og ég man ennþá eftir því að blóðslóðin lá upp eftir stiganum. Ég man það enn þann dag í dag að mamma kreisti svo fast á mér höndina. Hún fer inn og fær að sjá hann en ég er látinn bíða frammi á meðan. Ég man það að okkur var lofað öðrum Óla." Nokkur bið varð á því að loforðið yrði efnt en fimm árum síðar fæðist yngsti bróðirinn, Ólafur. „Tólf ár eru á milli okkar Óla. Það var mikil hamingja í fjölskyldunni þegar nýr Óli kom. Þetta var svo mikið áfall fyrir alla fjölskylduna því það átti auðvitað enginn von á því að það yrði bílslys - þetta var svo nýtt. Ég hugsa að þetta hafi verið með fyrstu bílslysum á Íslandi."

Hefur séð hann krappari

Vetrarleikir barnanna á Ísafirði einkenndust mjög af skíðum í æsku Guðmundar og hann fór ungur að stunda skíðin þótt hann muni ekki fyrsta skiptið. „Kornungur eignast ég tunnustafi með táól yfir skóinn. Ungmennafélagið á Ísafirði eignaðist 10 eða 15 pör af skíðum sem menn gátu fengið lánuð hjá Guðmundi Mosdal. Í kreppunni þótti það mikill munaður að geta átt skíði. Toppurinn var að eignast skíðaskó frá Palla Jör, hann var Ísfirðingur sem flutti suður og gerðist skósmiður í Reykjavík og fór að smíða skíðaskó. Lengi vel notaðist maður við skó sem voru óttalegt roð og komu frá Akureyri. Ég var ekki nema sjö ára þegar heimstyrjöldin hófst og þá var ekkert til í búðum. Það var enginn innflutningur sem heitið gat. Fiskiskipin fluttu fisk á Bretland og komu með vörur heim en það voru fá flutningaskipin sem við áttum þá. Þjóðirnar voru uppteknar við að framleiða vopn og því var takmarkaður innflutningur á öllu. Það var ekkert til. Ég hef því séð hann krappari en við erum að upplifa í dag".

Skíðaskóli í fremstu röð

Um árabil var rekinn skíðaskóli á Ísafirði sem þótti í fremstu röð og var sá eini á landinu sem útskrifaði skíðakennara. Guðmundur Hallgrímsson, sem enn er á lífi, var skólastjóri og driffjöðrin í starfi skólans og má segja að hann hafi verið faðir skíðaíþróttarinnar á Ísafirði. Hafði hann farið til Noregs og lært þar skíðakennslu. Guðmundur Halldórsson var aðeins 14 ára gamall þegar hann tók kennaraprófið við skólann en fékk þó ekki kennararéttindin fyrr en 18 ára. „Skólinn var mjög vinsæll og biðröð til að komast að. Fólk frá Reykjavík og Akureyri og víðar kom hingað. Skólinn var mikið framtak á sínum tíma. Skíðafélag Ísafjarðar og Skíðaráðið ráku hann. Þeir byggðu fyrsta skíðaskálann á Dalnum og var hann með torfveggjum. Skálinn sem hýsti skólann fór í snjóflóði, en það var löngu eftir að ég er hættur á skíðum. Þetta var mjög fallegt hús í norskum stíl með stórum svölum."

Drullusjóveikir í keppni

Guðmundur var alla tíð félagi í íþróttafélaginu Herði á Ísafirði. Menn völdust mikið í íþróttafélögin eftir búsetu í bænum. Ármenningarnir voru inni í firði og Skíðafélagsmenn og Harðverjar ofan í bæ. Svig og ganga voru stunduð jöfnum höndum og menn kepptu í öllu. Seinna lagði Guðmundur þó meiri rækt við gönguna, ekki síst fyrir tilstilli Svíans Axels Vigström sem kynnti gönguíþróttina rækilega fyrir Ísfirðingum. „Skátafélagið Einherjar var mjög virkt á skíðamótum og þeir áttu frækna skíðamenn á landsmótum. Þeir áttu skíðaskálann Valhöll sem þeir notuðu mikið og ég á hluta af í dag ásamt Ólafi bróður mínum. Gagnfræðaskólinn átti skólasel inni í skógi sem hét Birkihlíð og var afar myndarlegt hús. Þar var farið í útilegur og skíðin stunduð af kappi. Það var því mikil og gömul hefð fyrir því að fara á skíði á Ísafirði."

Minna var um mótsferðir en þekkist í dag og Guðmundur fór ekki á mörg mót um ævina. „Ég fór á eitt Íslandsmót á Akureyri, í kringum 1950, þá keppti ég í flokki 17-19 ára í göngu. Svo fórum við líka einu sinni á Kolviðarhólsmót fyrir sunnan, en þangað fóru oft margir Ísfirðingar og þá var maður að þvælast í skipi til Reykjavíkur til að komast á mót. Sumir voru drullusjóveikir og urðu síðan að keppa í því ástandi. Ferðirnar voru farnar í Grömman bátum og svo komu Catalina bátarnir. Þetta voru heilmikil ferðalög og hver varð að borga fyrir sig. Maður fór fljótlega að vinna við að stokka upp úr bátunum. Svo fór ég mjög ungur á sjó á síðutogara og þess vegna hætti ég snemma á skíðunum. Ísborgin kom 1948 og þar var ég hjálparkokkur, kornungur."

Áttum nóttina útaf fyrir okkur

Þegar Guðmundur var í landi var hann þó óþreytandi við að efla skíðaíþróttina og stóð m.a. fyrir göngumótum fyrir unga stráka. Fjöldi ísfirskra skíðakappa á minningar frá þeim mótum. Á þessum árum var Guðmundur ólofaður en það átti fljótlega eftir að breytast því ung snót úr Strandasýslu fór að venja komur sínar á síldarbáti til Ísafjarðar. Snótin hét Dagbjört Torfadóttir frá Drangsnesi, hún var kokkur á bátnum sem hét því fallega nafni Framtíðin og var kannski fyrirboði um það sem koma skyldi þvi hjúin voru saman alla tíð upp frá þessum fyrstu kynnum. „Við hófum búskap í Reykjavík þegar ég kom út úr Stýrimannaskólanum. Þá gerðist ég annar stýrimaður á

síðutogara og við fengum íbúð á Vesturvallagötu 1 - það þótti flott. Við höfðum meira að segja aðgang að þvottavél sem var ætluð fyrir allan stigaganginn. Við bjuggum þar fyrsta árið en þá fluttumst við til Drangsness. Það var þá sem ég fór út og sótti nýtt skip sem Strandamenn voru að fá - Steingrím Trölla. Ríkissjóður lét byggja 12 skip úti í Austur Þýskalandi og Strandamenn fengu eitt af þeim. Þetta voru glæsileg skip - kallaðir tappatogarar. Guðmundur Péturs frá Bolungarvík var fyrstur en svo komu þeir hver af öðrum. Ég var stýrimaður á þessu skipi og sótti það út til Austur Þýskalands. Konan fór með mér og við vorum þar í tvo mánuði. Við fórum þó fyrst til séra Jóns Auðuns og hann gifti okkur í kapellunni heima hjá sér. Konan hans var sú eina sem var viðstödd og svo tókum við flugvélina út og fórum fyrst til Kaupmannahafnar. Þá var það nú ekki algengt að fólk væri í siglingum erlendis. Þetta er 1958. Það var heilmikið upplifelsi að fara til útlanda á þessum tíma. Brúðkaupsnóttinni eyddum við í Kaupmannahöfn. Við létum leigubíl lóðsa okkur á alla bestu skemmtistaðina og áttum þessa nótt útaf fyrir okkur tvö!

Ekki feigur á sjó

Guðmundur var á Steingrími Trölla í eitt ár en þá keypti hann bát í félagi við mága sína á Drangsnesi. Hann réri í fjögur ár en þá fórst báturinn. „Það gerði ofviðri um allt land og það fórust 24 bátar allt í kringum landið. Við vorum þrír á og fórum inn á Hornvík þar sem var alveg skjól í suðvestan átt. En svo bara snýr hann sér snögglega og það er allt í einu komið foráttuveður á víkinni. Báturinn hvarf undan fótunum á okkur. Hann skall utan í klettana og bátssíðan fór úr honum. Þetta var rosalegt. Við stukkum allir upp í ísaða klettana og komumst klakklaust í land með allt frosið utan á okkur. Þarna var ég ungur maður með þrjú börn, búinn að missa aleiguna. Áhyggjurnar voru svo miklar að ég fann ekki hvað mér var orðið kalt. Þarna var fótunum kippt undan mér."
Við þessa frásögn rifjast upp fyrir Guðmundi önnur erfið lífsreynsla frá því nokkrum árum áður. „Ég var um borð í síðutogaranum Úranusi í Nýfundnalandsveðrinu mikla, þegar togarinn Júlí fórst og allur síðutogaraflotinn okkar var ísaður niður. Júlí hvolfdi undan þunganum og allir um borð fórust. Það gat enginn hjálpað honum því það áttu allir nóg með sitt. Þetta var langt úti í hafi. Ég var þá annar stýrimaður og við vöktum í tvo sólarhringa við að berja af ís í þessu gífurlega frosti. Mig minnir að frostið hefði verið 28 stig. Hver einasti dropi fraus. Þegar við vorum búnir að berja af skipinu fremst og aftur að spili var allt orðið fullt fyrir framan og við máttum byrja upp á nýtt. Loks dró úr veðurofsanum og við gátum farið að keyra." Segja má með sanni að Guðmundur hafi ekki verið feigur á sjó.

Æskulýðsmálin taka yfirhöndina um stund

Sjóslysið í Hornvík verður til þess að fjölskyldan flyst búferlum og ákveður að setjast að í Bolungarvík. Það er árið 1962. Guðmundur gerist stýrimaður á Heiðrúnu ÍS á meðan hann er að kaupa sér nýjan bát. Fyrir valinu verður nýlegur bátur frá Patreksfirði, Freyja, en Guðmundur átti hann aðeins í eitt ár. Sá bátur var síðar keyptur af Birgi Benjamínssyni og fórst hann með öllum mannskap. Upp frá þessu sækir Guðmundur sjóinn á ýmsum skipum frá Bolungarvík ef frá eru talin fimm ár þegar fjölskyldan bjó í Ólafsvík á Snæfellsnesi.
Uppúr 1970 gerist það að Guðmundur fer á fund í Víkinni og gagnrýnir harðlega skort á afþreyingu fyrir börn og unglinga. Börnunum sé bara beitt á göturnar. Það skiptir engum togum að hann er ráðinn æskulýðsfulltrúi bæjarins, nánast á staðnum. „Ég hafði miklar áhyggjur af því að það var ekki neitt við að vera fyrir krakka. Við áttum sex börn sjálf og þá var engin sundlaug þótt undirbúningur að byggingu hennar væri hafinn. Það var nánast ekkert nema sjoppurnar. Mér hraus hugur við þessu og vildi gera eitthvað í málinu sjálfur. Það verður úr að ég er ráðinn æskulýðsfulltrúi í Bolungarvík og fæ gamla barnaskólann til umráða því þá var búið að byggja þann nýja. Gamli skólinn er núna Tónlistarskóli Bolungarvíkur. Þar byrjaði ég af miklum áhuga, konan hjálpaði mér við þetta og fór út að vinna því ég lækkaði mikið í launum eftir að hafa verið stýrimaður á góðum vertíðarbát. Ég var í þessu í heilt ár. Þá var að byrja innflutningur á þessum helvítis eiturlyfjum sem manni stóð mikil ógn af. Sjálfur var ég svo þakklátur fyrir það að ég reykti aldrei sígarettur af því að í skíðabrekkunum á Ísafirði þótti það hreinasta skömm að reykja - það var hneyksli að setja upp í sig sígarettu. Þrátt fyrir alla vinnuna á togurunum, þar sem nær hver einasti maður reykti, lenti ég aldrei í því að reykja. Það var vegna skíðaiðkunarinnar og fyrir það var ég mjög þakklátur."

Skíðaíþróttin heldur innreið sína í Bolungarvík

Nýi æskulýðsfulltrúinn hefst handa af miklu kappi og strax fyrsta veturinn eru 70 krakkar farnir að stunda borðtennis í gamla skólahúsnæðinu. Enn sem fyrr eiga skíðin hug Guðmundar allan og fljótlega byrjar hann með skíðaæfingar þótt engar séu lyfturnar. Hann sá strax að úr því yrði að bæta. „Það var þannig að Skíðasamband Íslands flutti inn tíu færanlegar togbrautir. Slaguinn um þær var mikill og þeir sem voru rótgrónastir í íþróttinni gengu fyrir. Þeirra á meðal voru Ísfirðingar því þeir bjuggu að svo langri skíðahefð. Þeir hættu þá við enda í óðaönn að byggja alvöru franska skíðalyftu sem þeir settu upp á Gullhól. Við fengum að ganga inn í kaup Ísfirðinga á þessari togbraut og ég studdist við hana þegar ég byrjaði að kenna á skíðum. Áhuginn varð strax svo mikill að þennan sama vetur fór ég á Vestfjarðamót með 50 keppendur úr Bolungarvík."

Undanfari Andrésar andarleikanna

Þennan sama vetur hélt KR skíðamót fyrir 12 ára og yngri og var Ísfirðingum og Bolvíkingum boðið til mótsins. Úr verður að Bergþóra Annasdóttir frá Ísafirði og

Guðmundur fara fyrir fríðum hópi 33 krakka áleiðis í Hrafnagil, rétt ofan við Reykjavík. „Það var heilmikið ferðalag að fara með þau til Reykjavíkur, miklu meira mál en í dag. Það átti að heita að við værum boðin en allt var selt - peningar plokkaðir af litlum krökkum. Til stóð að fresta mótinu vegna ófærðar en við vorum hinsvegar búin að kosta krakkana suður og hafa mikið fyrir þessu og gátum ekki tekið það í mál að fresta þessu. Við vorum ekkert vön því að gefast upp. Við værum komin með stóran hóp af krökkum og miklar væntingar til mótsins þannig að það var bara labbað í blindbyl úr rútunni. Svo gerði reyndar ágætis veður og krakkarnir stóðu sig frábærlega vel. En það var svo illa staðið að þessu móti að þegar ég kem heim er haldinn fundur. Guðmundur Agnarsson var þá formaður Íþróttaráðs Bolungarvíkur og ég segi honum að við skyldum bara halda mót fyrir þessa krakka allsstaðar að af landinu næsta vetur til að sýna þeim hvernig á að standa að móti fyrir börn á þessum aldri." Guðmundur stóð ekki við orðin tóm. Bolvíkingar héldu svo myndarlegt mót þá um veturinn að eftir var tekið á landsvísu. „Þetta var kraftaverk, þótt ég segi sjálfur frá. Við vorum bara með eina litla togbraut og það var varla hægt að segja að það væri vegur fram á Skálavíkurheiðina því hann var eitt drullusvað og menn komust bara á jeppum. Krakkarnir voru hýstir í heimahúsum víðsvegar um bæinn og við selfluttum þau síðan upp á skíðasvæði og drógum þau á vélsleðum. Við héldum kvöldvöku fyrir þau og undirbjuggum þetta með miklum glans."

Svo vel tókst til að Skíðaráð Reykjavíkur sendi þakkarskeyti við heimkomuna þar sem m.a. stóð: ,,Við álítum að landsmót fyrir börn sé mjög þarft og skemmtilegt og eigi að vera reglulegur árlegur viðburður, engu síður en fyrir eldri unglinga, og fögnum við því framtaki ykkar." Mótið í Bolungarvík var í reynd undanfari Andrésar andarleikanna á Akureyri og náði þar fótfestu. Ekki er ljóst hvers vegna mótið festi ekki rætur fyrir vestan en hugmyndin var greinilega komin til að vera. Upp úr starfi Guðmundar spruttu góðir skíðamenn og má þar nefna Ástu og Friðgeir Halldórsbörn.

Framkvæmdagleðin við völd í Bolungarvík

Fljótlega var ljóst að togbrautin annaði ekki eftirspurn og fór Guðmundur að gæla við að setja upp alvöru lyftu. Á þessum tíma var sveitarfélagið að undirbúa sundlaugarbyggingu, allt fé rann til þess stóra verkefnis, og því lítið svigrúm til að fjármagna lyftukaup. Guðmundur lét það ekki á sig fá og úr varð að Ungmennafélag Bolungarvíkur, þá algjörlega peningalaust félag, réðst í verkefnið með Guðmund og fleiri í fararbroddi. Það var gert á bjartsýninni einni saman. „Lán í banka á þessum tíma var ígildi gullmola af himnum því að peningamagn í umferð var ekki neitt. Við fórum í Sparisjóðinn og þeir voru afskaplega vinsamlegir við okkur og lánuðu hluta af fénu en þetta átti að kosta um 10 milljónir. Við ákváðum strax að borga engin vinnulaun, það átti við vélsmiðjurnar og allt í Bolungarvik. Menn lögðu til verkfæri, ýtur, gröfur og allt og við borgum ekki krónu í neitt."

Fjármögnun lyftunnar var þó ekki lokið og eftir var að leysa hana út. Hún var keypt frá Austurríki og gjaldeyri var vont að fá. Erlent lán stóð félaginu til boða en menn voru hræddir við það vegna gjaldeyrisáhættunnar. Þá hugkvæmist þeim að leita til Framkvæmdastofnunar Íslands sem var undanfari Byggðastofnunar. Stofnunin lánaði til ýmissa þjóðþrifaverka en hafði aldrei lánað í skíðalyftur. Sverrir Hermannsson var framkvæmdastjóri sjóðsins en hann þekkti Guðmundur frá æskudögum í Ögurvík, þar sem fjölskyldan dvaldi oft á sumrin. Nafn Steingríms Hermannssonar kemur einnig við sögu en hann sat í stjórn stofnunarinnar. Úr verður að Guðmundur fer á fund Sverris. „Við tölum saman góða stund en minnumst ekkert á málefnið sem ég var kominn til að ræða, töluðum um allt annað. Hann var yfirhlaðinn verkefnum og spyr í lokin hvað það hefði annars verið sem ég hefði ætlað að ræða. Ég segi honum erindið, okkur vanti peninga og hann sitji á þeim. Hann segir að sér lítist vel á en stofnunin hafi aldrei styrkt skíðalyftukaup. Hann væri hinsvegar þeirrar skoðunar að hvert einasta pláss á Íslandi þyrfti að hafa sundlaug og skíðalyftu, annað væri ekki bjóðandi fyrir ungviðið í plássinu. „Ég lána ykkur þrjár milljónir. Þið eruð svo helvíti seigir þarna í Víkinni að þið bjargið þessu." Guðmundur hlær við minninguna: „Ég var svo hissa að það ætlaði bara að líða yfir mig á stóln-

Nemendur skíðaskólans á Ísafirði (Guðmundur Halldórsson er lengst til hægri)

um. Þetta reddaði okkur alveg því þá þurftum við ekki að taka erlend lán. Þetta var eitt kraftaverk. Sparisjóðurinn lánaði okkur þrjár milljónir út á bæjarábyrgð og það sem uppá vantaði, um fjórar milljónir, söfnuðum við meðal einstaklinga og fyrirtækja. Þar með var málið í höfn. Það var bjartsýnin og áhuginn sem dreif okkur áfram."



Allt tekur enda

Fyrir sex barna fyrirvinnu reyndist það ekki gerlegt að halda áfram æskulýðsstarfinu í landi, þetta þótti ekki almennileg vinna og launin voru of lág. Þegar árinu sleppti fór Guðmundur aftur á sjóinn. Það er þó auðheyrt á honum að þetta voru ánægjulegir tímar. ,,Ég var líka mjög mikið studdur af Ísfirðingum. Ég var borinn og barnfæddur Ísfirðingur og var alltaf í skíðaíþróttununum þar. Það vildu allir allt fyrir mig gera og Ísfirðingar studdu mjög við bakið á þessari uppbyggingu í Bolungarvík. Eldmóðurinn í starfinu á Ísafirði smitaðist í Víkina." Guðmundur átti líka góða félaga sem höfðu fylgt honum að allt frá barnæsku. „Jói Sím (Jóhann Símonarson) var með mér í öllu; í barnaskólanum, gagnfræðaskólanum, stýrimannaskólanum, á skíðunum og skíðamótunum. Sömuleiðis var Jón Kristmannsson mikið með okkur, hvort heldur var í skóla eða á skíðum. Þetta voru góðir tímar."

Brautryðjandi eins og pabbi sinn

Það hafa væntanlega verið nokkur umskipti fyrir fjölskylduna þegar Guðmundur hélt aftur á sjóinn. Dagbjört, eða Dæja eins og hún var alltaf kölluð, varð ein á ný með börnin sex og sá um öll mál heimilisins. Elst er Kristín Svanhildur, Torfi er annar, þriðja er Ása María, Guðbjörn kemur fjórði í röðinni, Ólafur sá fimmti og yngst er Halldóra en hún fæddist með Downs heilkenni. „Ég var alltaf úti á sjó og Dæja var kjölfestan heima við. Uppeldið lenti því mikið á henni. Svo eignuðumst við Halldóru og það var mikið álag. Níu fyrstu árin sá Dæja alveg um hana með stóru heimili. Það var mikil barátta í kringum það enda engin hefð fyrir því að þjóðfélagið gerði neitt til aðstoðar. Dæja stóð með sóma undir þessu öllu saman. Halldóra hefur gefið okkur rosalega mikið - það er með ólíkindum. Það veit enginn sína ævina fyrr en öll er. Maður verður fyrir miklu áfalli þegar maður eignast fatlað barn. En við vorum mjög samhent og ákveðin í því að klára okkur."

Fjölskyldan bjó um fimm ára skeið í Ólafsvík þar sem Guðmundur var stýrimaður og skipstjóri á Má, sem var eitt glæsilegasta skip flotans. „Þetta var skemmtilegur tími en við fluttum til baka til Bolungarvíkur, mikið til vegna Halldóru. Þá var nýbúið að byggja Bræðratungu á Ísafirði sem var sambýli fyrir fatlaða og við litum til þess að skapa henni aðstöðu þar. Hún var þar í nokkur ár. Bræðratunga var barn síns tíma eins og annað. Það komu aðrar útfærslur, bæði fullkomnari og betri. En það hefur verið vel haldið utan um þennan málaflokk hér fyrir vestan þótt oft hafi manni fundist hægt miða. Það er til sóma fyrir Ísfirðinga. Halldóra hefur staðið sig vel og verið brautryðjandi í mörgu. Hún keypti sér íbúð sem hún mátti í raun ekki gera vegna lögræðislaganna. Hún er þekkt í þessum bransa," segir pabbinn og hlær stoltur.

Að missa lífsförunautinn

Félagsmálin hafa alltaf verið Guðmundi hugleikin. Störfum hans við hagsmunabaráttu smábátasjómanna verða ekki gerð skil hér enda eru þau ærin. Þegar þessi orð eru skrifuð er hann í óða önn að undarbúa sig fyrir Landsfund Sjálfstæðisflokksins þar sem hann hefur jafnan látið til sín taka í sjávarútvegsmálum.

Þau hjónin voru alla tíð frá fæðingu Halldóru miklir talsmenn fatlaðra og var Guðmundur m.a. gerður að heiðurfélaga í Styrktarfélagi fatlaðra á Vestfjörðum. Guðmundur er í stjórn Svæðisráðs fatlaðra á Vestfjörðum og var formaður um fimm ára skeið. Árið 2005 sagði hann af sér þegar í ljós kom að Dæja var orðin alvarlega veik af krabbameini. Hún lést í september þetta sama ár. „Við vorum afskaplega ólík. Hún var hlédræg en mjög glæsileg ung kona, seintekin en átti mjög góða vini þegar menn komust inn úr skelinni. Hennar þáttur í tilveru okkar hefur horfið svo mikið í skuggann af mér. En hún valdi það. En óskaplega er maður nú lítill án hennar. Það hrynur allt þegar maður missir lífsförunautinn. Við vorum samhent alla tíð og það var henni að þakka. Við ferðuðumst mikið allt frá fyrstu utanlandsferðinni til Austur Þýskalands 1958. Við fórum mikið til Kanarí og Costa del Sol með góðum vinum en eftir að hún dó þá hef ég bara ekki getað hugsað mér að fara."

Greinilegt er að ekkert fyllir skarð Dæju en Guðmundur stendur þó ekki einn því hann er ríkur af afkomendum. Auk barnanna sex eru barnabörnin orðin 13 og barnabarnabörnin tvö. „Ég er mjög stoltur af þeim öllum, þetta er allt mikið reglufólk eins og mamma þeirra. Hún var einstök reglumanneskja og notaði aldrei tóbak og aldrei vín. Það er svo skrýtið að stundum velst svona ólíkt fólk saman. Hún lét lítið fyrir sér fara en átti mjög trausta vini. Ég vissi alltaf að ég að gat treyst henni þegar var í burtu. Hún fylgdi mér í öllu, hún var kjölfestan í lífinu og lánið mitt."

Birna Lárusdóttir

Unglingameistaramót Íslands á skíðum
Ísafirði 3. apríl – 6. apríl 2009

Dagskrá:

Föstudagur 3. apríl

18:00 Fararstjórafundur á 4. hæð Stjórnsýsluhússins
20:00 Setning í Ísafjarðarkirkju

Laugardagur 4. apríl

Alpagreinar

09:00 Stórsvig 15-16 ára stúlkur fyrri ferð, bakki 2
09:45 Stórsvig 15-16 ára drengir fyrri ferð, bakki 2
11:45 Stórsvig 15-16 ára stúlkur seinni ferð, bakki 2
12:30 Stórsvig 15-16 ára drengir seinni ferð, bakki 2
13:30 Stórsvig 13-14 ára stúlkur fyrri ferð, bakki 3
14:15 Stórsvig 13-14 ára drengir fyrri ferð, bakki 3
16:15 Stórsvig 13-14 ára stúlkur seinni ferð, bakki 3
17:00 Stórsvig 13-14 ára drengir seinni ferð, bakki 3
Fararstjórafundur í Skíðaskálanum í Tungudal
að keppni lokinni

Ganga

13:00 Ganga stúlkur 13-14 ára 2,5 km F
13:35 Ganga drengir 13-14 ára 3,5 km F
14:10 Ganga stúlkur 15-16 ára 5 km F
14:45 Ganga drengir 15-16 ára 5 km F
Fararstjórafundur í Skíðaskálanum á Seljalandsdal
að keppni lokinni

19:00 Pizzu-veisla,sundlaugarpartý,
diskó og meira fjör í Félagsmiðstöðinni

Sunnudagurinn 5. apríl

Alpagreinar

09:00 Svig 15-16 ára stúlkur fyrri ferð, bakki 2
09:45 Svig 15-16 ára drengir fyrri ferð, bakki 1
11:00 Svig 15-16 ára stúlkur seinni ferð, bakki 2
11:45 Svig 15-16 ára drengir seinni ferð, bakki 1
13:15 Svig 13-14 ára stúlkur fyrri ferð, bakki 2
14:15 Svig 13-14 ára drengir fyrri ferð, bakki 1
15:30 Svig 13-14 ára stúlkur seinni ferð, bakki 2
16:30 Svig 13-14 ára drengir seinni ferð, bakki 1
Fararstjórafundur í Skíðaskálanum í Tungudal
að keppni lokinni

Ganga

13:00 Ganga stúlkur 13-14 ára 5 km H
13:20 Ganga drengir 13-14 ára 5 km H
13:40 Ganga stúlkur 15-16 ára 7,5 km H
14:05 Ganga drengir 15-16 ára 7,5 km H
Fararstjórafundur í Skíðaskálanum á
Seljalandsdal að keppni lokinni
19:00 Verðlaunaafhending í Edinborgarhúsinu
Kaffiveitingar í boði Ísafjarðarbæjar

Mánudagurinn 6. apríl

Alpagreinar

09:00 Samhliðasvig/Risasvig 15-16 ára
stúlkur og drengir
11:00 Samhliðasvig/Risasvig 13-14 ára
stúlkur og drengir
Verðlaunaafhending í Tungudal, mótsslit

Ganga

11:00 Sprettboðganga, drengir og stúlkur
Verðlaunaafhending á Seljalandsdal, mótsslit

Orkubú Vestfjarða

Gámaþjónusta Vestfjarða

Umhverfið er framtiðin,
gættu þess vel

Leigjum út sorpgáma & salerni

Gámaþjónusta Vestfjarða
Sími: 456 3710 · Gsm: 892 0660
Netfang: ragnar@gamarvest.is · Veffang: www.gamarvest.is

Einarshúsið

Einstakt í sinni röð

Veitingahús, kaffihús, krá

Opið alla virka daga frá kl. 10:00 – 16:00
um helgar frá kl. 22:00 – 03:00

Hafnargötu 41, 415 Bolungarvík
sími 456 7901 - 864 7901 - ragna@einarshusid.is

Laugardagur
19:00-23:59 Sjávarréttahlaðborð í Einarshúsi (ef næg þátttaka fæst). Kristján Karl Júlíusson leikur dinnertónlist. Ómar Smári Kristinsson sýnir teikningar í Kjallaranum Gréta Gísladóttir sýnir málverk í salnum.

Sunnudagur
(singstar dettur úr en í staðinn kemur:)
23:59-03:00 Hjörtur Trausta í Kjallaranum. Ómar Smári Kristinsson sýnir teikningar í Kjallaranum Gréta Gísladóttir sýnir málverk í salnum.

PÁSKA PEYSAN FÆST HJÁ OKKUR

PÁSKA HÚFURNAR FYRIR ALDREI FÓR ÉG SUÐUR

LEGGUR OG SKEL

OPNUNARTÍMAR UM PÁSKANA
Skírdag 13-18 Laugardag 11-16

SPÝTAN EHF
NJARÐARSUND 2 • 400 ÍSAFJÖRÐUR • SÍMI: 456 4128 • spytan@simnet.is

Studio Dan

Opið alla virka daga frá kl. 05:45 - 21:00

Laugardaga frá kl. 10:00-16:00

Sunnudaga frá kl. 13:00-16:00

END URSKOÐUN VESTFJARÐA ehf
AÐALSTRÆTI 19, 415 BOLUNGARVÍK
Sími: 450 7900 Fax: 456 7447 Netfang: jon@endvest.is

OPIÐ ALLA PÁSKAHÁTÍÐINA
FRÁ KL. 10 TIL 22

GRILLIÐ OPIÐ

SHELLSKÁLINN BOLUNGARVÍK
ÞURÍÐARBRAUT 13, BOLUNGARVÍK • SÍMI 456 7554

NÝBÖKUÐ BRAUÐ OG KÖKUR

Opnunartími:

Virka daga	kl. 7 – 18
Laugardaga	kl. 7 – 16
Skírdag	kl. 7 – 16
Annar í páskum	kl. 8 – 16

Velkomin á Skíðaviku 2009

Gamla bakarið
GAMALT EN SÍUNGT
Aðalstræti 24 • Sími 456 3226

GÓK HÚSASMÍÐI EHF
456 7080 / 893 9362 / 690 1060

Fágaðar fjalir

Ólafur Sigurðsson

Til að njóta þess til fulls að ganga á fjöll að vetri og renna sér niður ósnertar snjóbreiður þarf góðan búnað. Ekki er gert ráð fyrir að ein tegund skíða þjóni öllum tegundum skíðaíþrótta og því hefur nútíma skíðahönnun fært okkur fjalla-, göngu-, stökk- og svigskíði, hver til síns brúks og nú síðast snjóbretti. Skíðahönnun hefur verið byltingarkennd og skíðabúnaður hefur þróast með miklum hraða sl. 100 ár. En fram til 1960 voru skíði gerð úr tré og skíðabindingar og skíðaskór mjög frumstæð borið saman við nútíma búnað. Sömu skíðin voru jafnan notuð í stökk, göngu og brun og gengið með losaralega táfestingu og stóran broddstaf.

Eflaust hafa skíði verið notuð á Vestfjörðum á öldum áður til að komast á milli bæja á snjóþungum vetrum. Elstu rituðu heimildir um skíðafar á Vestfjörðum ná aftur til ársins 1856 þegar Almenna bókafélagið gekkst fyrir héraðs- og sóknarlýsingum og gaf út í áföngum. Þar segir frá ungum mönnum á Vestfjörðum sem notuðu skíði, en höfðu áður notast við snjóþrúgur. Næsta heimild þar á eftir er frá 1888 þegar dr. Fridjof Nansen kom til Ísafjarðar ásamt fylgdarmönnum á leið sinni til Grænlands til að ganga fyrstur manna á skíðum yfir Grænlandsjökul. Í bók sinni „På ski over Grönland" sem Nansen gaf út 1890 segir hann frá því að þeir hafi komið til Ísafjarðar með „Thyre" og ákveðið að bíða þar eftir selveiðiskipinu Jason sem flutti þá til Grænlands. Vegna hættu á að hafís myndi loka innsiglingunni til Ísafjarðar fluttu þeir sig til Þingeyrar þar sem þeir dvöldu í 12 daga hjá Gram konsúl á meðan þeir biðu. Á þeim tíma gengu þeir á Glámujökul og öll nærliggjandi fjöll ásamt því að heimsækja sveitabæi og kynna sér mannlífið í Dýrafirði. Skíðaferðin á Glámu gekk þó ekki áfallalaust. Í bókinni lýsir Nansen því hvernig þeir renndu sér niður af Glámu í harðfenni. Svo mikið var rennslið að einn fylgdarmanna Nansens, Finninn Samnel Balto, fór ógætilega og fékk slæma byltu þegar hann féll fram af hengju og tognaði illa. Gera verður ráð fyrir að skíðabúnaður þeirra Norðmanna hafi ekki farið framhjá Vestfirðingum. Í umfjöllun í Þjóðólfi á þessum tíma er skíðum þeirra lýst svona: „Skíðin þeirra voru klædd stáli að neðan, til þess að þau renni sem best á krömum snjó, og að neðan eru þau á kafla um miðjuna klædd elgskinni, og vita hárin aptur, til þess að skíðin renni ekki aptur á bak, er upp á móti er farið". Meðfylgjandi myndir eru teknar úr bók



Nansen og sýna skíðin og skóbúnaðinn sem þeir notuðu á ferð sinni yfir Grænlandsjökul.

Sagnfræðingum ber saman um að bók Nansens, sem þýdd var á fjölmörg tungumál, hafi verið kveikjan að þeirri skíðabyltingu sem varð í Evrópu í byrjun 20. aldar. Nansen varð þjóðhetja í Noregi, ferðaðist um alla Evrópu og flutti fyrirlestra. Hann gerði Norðmenn að skíðaþjóð og brautryðjendum í framleiðslu á skíðum og skíðabúnaði. Í Auglýsingunni frá H. Einarssyni á Vestdalseyri (Seyðisfjörður) frá janúar 1901 segir svo um norsk Hagan & Co skíði sem hann flutti inn. „Hagan skíði með verksmiðjuverði og allt annað tilheyrandi með 5% afslátt. Hagan & Co hefir fengið gullmerki á fjölda mörgum sýningum fyrir þessa hluti og síðast á Parísarsýníngunni síðasta sumar og því óhætt að fullyrða að sú verksmiðja er hin fullkomnasta, er Norðmenn hafa í þeirri grein. Til sýnis eru nákvæmir verðlistar."i Og Norðmenn voru ekki þeir einu sem smíðuðu skíði. Á skíðasýningu í Kristjaníu (Osló) árið 1907 sýndi hvorki meira né minna en 41 skíðaframleiðandi 176 vörur tengdar skíðum. Það er efni í aðra grein að lýsa úrvalinu frá þessum tíma en það vekur athygli að aðeins tvær tegundir skíðabindinga voru á nær öllum skíðum, Huitfeldt og Ellefsen. En Huitfeldt bindingarnar voru nefndar eftir Norðmanninum F. Huitfeldt sem fyrstur manna, árið 1894, festi stálfestingu ofan á skíði í stað þess að þræða ólina í gegnum reimaraugað á miðju skíðinu.

Hafi Nansen ekki náð að vekja áhuga Vestfirðinga á skíðum átti annar Norðmaður eftir að gera tilraun til þess. Hans Ellefsen, norskur hvalveiðimaður, sem lengi stundaði hvalveiðar frá Flateyri kom með skíði til Önundarfjarðar um 1896 og gaf heimamönn-

um. Um þessa gjöf skrifaði Skúli Thoroddsen í Þjóðviljann unga árið 1899, en blaðið var prentað og gefið út á Ísafirði: „Væri vel til fallið, að ungir menn mynduðu með sér félög, til þess að temja sér skíðagöngur, og hefðu t. d. kapphlaup á skíðum einu sinni á vetri, þegar gott skíðafæri er. Fyrir fáum árum kom hr. Hans Ellefsen hvalveiðamaður með nokkur skíði til Önundarfjarðar, og vildi fá unga menn þar, til þess að temja sér skíðagöngur en fremur mun hafa orðið lítið úr því til þessa"1. Því miður þá hafa hvorki skíðin sem Ellefsen kom með né skíðin sem Strand flutti inn varðveist svo vitað sé.

Þótt skíðafar hafi ekki verið almennt á þessum síðustu árum 19. aldar, þrátt fyrir hvatningu Skúla,

átti það eftir að aukast mjög næstu árin. Dr. Björn Bjarnason frá Viðfirði sem gegndi skólastjórastarfi á Ísafirði 1903 til 1904 mun hafa gengist fyrir skíðaferðum skólabarna á þeim tíma þó lítið sé vitað um skíðin sjálf annað en að Emil Strand kaupmaður á Ísafirði flutti inn 20 pör af skíðum frá Noregi 1905. Björn var mikill áhugamaður um íþróttir og skrifaði á þessum tíma doktorsritgerð um íþróttir fornmanna þar sem heilum kafla er varið í umfjöllun um skíðaíþróttir. Björn var fróðleiksmaður um skíði og skíðanotkun og hefur án efa miðlað því til barna og unglinga og vakið áhuga. Svo mikill virðist áhuginn hafa verið á þessum tíma að í Vestra birtist stutt frétt 1906 undir yfirskriftinni „Skíðaskriðið" og líkir höfundur þessari tómstund við skíðasótt. „Hver krakkinn sem kominn er yfir 5 ára aldur varð óður og uppvægur að fá sér skíði úr stöfum, úr olíufötum og gömlum skyrsáum." enda ekki á færi allra að kaupa skíði af Emil Strand. En áhuginn var ekki bara bundinn við unglinga. Síðar segir í sömu frétt. „Kvenþjóðin hefur þó orðið einna framkvæmdasömust. Fáar minniháttar konum munu þó enn vera komnar á skíði, en nokkrar maddömur, frúr og frökenar hafa gert stóra lukku í bænum."ii

En skíðanotkun á þessum tíma var ekki einvörðungu bundin við íþróttir og skemmtun því að skíði voru ekki síður ferðamáti. Í Þjóðviljanum frá 1908 segir frá landpóstinum, Reinharði Kristjánssyni sem gekk frá Ísafirði vestur um sýsluna, allt til Bíldudals. Reinharður þótti hraustur mjög að burðum og mikill göngugarpur. Þegar færð var slæm hafði hann með sér skíði til að komast leiðar sinnar. Á skíðum póstmanna var gjarnan gat fremst á oddinum til þess að hægt væri að gera úr skíðunum sleða og draga á eftir sér þegar færi gafst, enda póstpokar oft þungir. Þessi heimild um notkun landpósta á skíðum er ekki síður áhugaverð fyrir þær sakir að þar birtist átakanleg lýsing á því hvernig Reinharður reyndi að koma stúlku til bjargar á leið sinni yfir Breiðadalsheiði með því að bera hana og draga á skíðum án árangurs. Stúlkan, Sigríður Mailina Einarsdóttir frá Hvammi í Dýrafirði, lést af kulda og efuðust menn um að Reinharður næði sínu fyrra þreki. iii

En þó hingað til lands hafi verið flutt inn skíði frá Noregi var það ekki við alþýðu hæfi að kaupa skíði. Þetta var þeim ungmennafélagsmönnum, Helga Valtýssyni og Guðmundi Hjaltasyni vel ljóst og því gáfu þeir út leiðbeiningar um skíðasmíði og skíðabönd sem birt var í Skinfaxa, blaði Ungmennafélags Íslands árið 1907. Helgi hafði dvalið í Noregi við nám og kynnst skíðafari af eigin raun. Þessi ómetanlega lýsing á smíði skíða og skíðabúnaðar frá 1907 ber þess glöggt merki að skíðaáhugi þaut yfir landið eins og sterkur fjallavindur, friskur og svalur. Lögun skíða er lýst nákvæmlega með málsetningu. Fjallað er um eiginleika mismunandi viðartegunda og hvernig á að festa tá- og hælböndin í gegnum reimaraugað svo dæmi sé tekið. Mælt er með góðum íslenskum skóm og hnéháum snjósokkum (togsokkum) utan yfir. Skíði voru orðin almenningseign svo að nú gátu allir stundað skíðafar. Eins og Helgi Valtýsson sagði: „Allir sveitapiltar ættu að vera svo laghentir, að þeir gætu smíðað skíðin sín sjálfir, jafnframt því, að þeir læra að nota þau sem best. Og þeirra tíma á eigi að vera langt að bíða, að góðir skíðamenn sé í hverri sveit landsins. Vér verðum að afmá þann ljóta blett á þjóð vorri að hafa vanrækt og týnt þeirri íþrótt, sem fegurst er og nauðsynlegust allra íþrótta hér á landi. Íþrótt íþróttanna kalla Normenn skíðafar, og eru þeir frægastir skiðaþjóða heimsins."iv

Vestfirðingar létu ekki sitt eftir liggja og smíðuðu vönduð og falleg skíði. Elstu skíðin sem Byggðasafnið á eru smíðuð í byrjun 20. aldar af

Jóni Hagalínssyni í Hjarðardal í Önundarfirði, án efa eftir fyrirmynd Ellefsen skíðanna. Skíðin eru 180 cm löng og smíðuð úr furu og hafa verið ætluð unglingum. Jón hafði greinilega orðið vitni að skíðaferðum norskra hvalveiðimanna og orðið áhugasamur. Á fyrsta skíðamótinu sem haldið var 1910 var Jón til að mynda einn af þremur dómurum, svo eitthvað virðist hann hafa lært af Norðmönnum.
Hvatningarorð Skúla Thoroddsens, Björns, ungmennafélagsmanna og fjölmargra annarra í byrjun síðustu aldar virðist hafa náð til ungmenna á Vestfjörðum. Áhuginn var mikill eins og áður hefur verið lýst og það hlaut að enda með því að áhugasömustu iðkendurnir vildu reyna með sér í keppni. Lýsingar af Holmenkollen skíðakeppninni höfðu birst í íslenskum blöðum þar sem meira en 10.000 Norðmenn söfnuðust saman til að horfa á skíðastökk og göngu. Þann 13. febrúar 1910 er fyrsta skíðamót haldið á Vestfjörðum svo vitað sé. Skíðamótið var haldið í hlíðinni fram við Þórustaðaháls í Önundarfirði. Keppt var í skíðastökki af 1 1/2 og 2 2/3 álna stökkpalli, 120 skrefa skíðahlaupi og rennsli með sneiðingum. Ekki þarf að fara mörgum orðum um keppnisformið skíðastökk. Þessi keppnisgrein er öllum vel kunn og hefur ekki þróast eins langt frá uppruna sínum og hinar tvær þó pallarnir hafi stækkað. En skíðahlaup og rennsli með sneiðingum hafa tekið miklum breytingum. 120 skrefa skíðahlaupið í Önundarfirði hefur án efa verið án stafa eða með einum stórum broddstaf sambærilegum þeim skíðastaf sem Byggðasafnið fékk frá Páli Pálssyni. En fljótlega áttuðu skíðamenn sig á því að með tveimur skíðastöfum var hægt að komast hraðar þrátt fyrir að sumum hafi ekki fundist það fallegur stíll. Í ritdeilu sem birtist í íslenskum blöðum 1914 tókust skíðamenn á um skíðabúnað og stíl. „En skíðaferðir hef jeg ekki sjeð hjer á Suðurlandi til þessa dags, sem jeg hef getað orðið hrifinn af", segir greinarhöfundur í Lögréttu þann 14. mars 1914. „Jeg hef að vísu sjeð hr. Muller verslunarstjóra á skíðum sínum með sitt prikið í hvorri hendinni, og nokkra íslenska unglinga apa þetta eftir honum. En mjer hefur fundist það líkara ferfætlingum en skíðamönnum", segir greinarhöfundur og dásamar síðan gamla göngulagið með einum staf og helst vildi hann hafa skíðamenn án tábanda. „Nyrðra þótti það mest um vert, að geta gengið á skíðunum tábandalaust, aðeins með einhverja stöðvun við tána stundum ekki annað en harðan klaka. Maður átti að geta stokkið upp af skíðunum, hvenær sem þörf væri á". Óþarfi er að lýsa þeim viðbrögðum sem koma í kjölfarið því sagan sýnir að það eru iðkendurnir sem ráða þróun skíðabúnaðar en ekki öfugt.

En það átti eftir að taka lengri tíma fyrir skíðamenn að þróa rennsli með sneiðingum yfir í svig eins og við þekkjum það í dag. Í rennsli með sneiðing var keppt um að standa niður brekkuna sem oftast, enda ekki á allra færi að standa ótroðnar brekkur á skíðum með táfestingu og einn skíðastaf. Þó Norðmenn hefðu jafnan reynt með sér í rennsli með sneiðing og hindrunarsvigi kom það í hlut annarra að innleiða brun og svig í skíðaíþróttina. Norðmaðurinn Sondre Norheim var að vísu frægur fyrir hæfileika sína í að renna niður brekkur og beygja framhjá hindrunum með Telemark stíl. Með einn skíðastaf hafði hann gott vald á öllum hreyfingum og notaði hann til að hægja á sér þar sem bratt var og brá honum undir handarkrikann til beggja hliða og lét hann rista grunnt í snjóinn til að beygja. En Norðmenn mátu slíka hæfileika ekki mikils. Það kom því í hlut Alpalandanna og Breta að innleiða brun og svig sem ganga nú undir einu nafni, alpagreinar. Enska orðið „Slalom" er að vísu dregið af norska orðinu „Slalaam" og var í fyrstu þýtt sem krókahlaup hér á landi. Það er til marks um það hvað Norðmenn litu niður á alpagreinar að þegar norskur blaðamaður hafði orðið vitni að svigkeppni í Sviss árið 1924, skrifaði hann í Aftenposten háðslega lýsingu á skíðamönnum sem kepptust við að renna sér fram hjá flögguðum prikum, runnu ýmist á rassinn eða brutu stangir á leið sinni markið. Þetta fannst honum stórfurðulegt uppátæki og langt frá því að vera jafn merkilegt og skíðaganga og stökk.
Næstu árin voru haldin mót um allt land og framboð af skíðum var mikið. Auglýsingar í blöðum bera þess merki að valið stóð á milli norskra skíða og íslenskra. Kristinn Jónsson trésmiður við Frakkastíg 12 auglýsti til að mynda árið 1914 íslensk skíði til sölu sem hann hefur eflaust smíðað eftir fyrirmynd erlendra skíða og leiðbeininga í Skinfaxa. Skíðin voru úr aski á 8 kr., úr pindspæn á 5 kr., og úr furu á 1,50 til 4 kr. Sama ár birti Braunsverslun auglýsingu þar sem mikið úrval af skíðabúnaði var í boði. Skíði, skíðabönd, stafir, skór, skíðastokkar og fatnaður. Verslunarstjóri í Braunsverslun í Reykjavík var L.H. Muller, Norðmaður sem kom til Reykjavíkur 1906 og átti eftir að vinna skíðaíþróttinni mikið gagn hér á landi. Brynjólfur Jóhannesson leikari sem hafði alist upp í Braunsverslun við Aðalstræti 3 á Ísafirði frá fermingu, minnist þessi í æviminningum sínum „Karlar eins og ég", að hann hafi verið send-

ur veturinn 1917 til Reykjavíkur í vinnu hjá Braunsverslun þar sem hann kynntist Muller og stundaði skíði með honum allan þann vetur. Þegar til Ísafjarðar var komið var áhuginn svo mikill að ekki einu sinni frostaveturinn mikli 1918 kom í veg fyrir skíðaferðir. „Ungir menn á Ísafirði iðkuðu íþróttir af kappi. Við hlupum á skautum á Pollinum, stunduðum skíðaferðir og fjallgöngur; það þótti rosknu fólki fávíslega varið tíma sínum. Frostaveturinn 1918 fylltist allt af hafís; hann var samfrosta inn fyrir mitt Ísafjarðardjúp", minnist Brynjólfur. „Á nóttinni fraus andardráttur manns í klakastöngul á sænginni, en frostabrestirnir gengu eins og fallbyssuskot í stillunum. Þá mátti maður stundum gæta sín, snöggklæddur í skíðaferðum, að kala ekki til skaða".

Þegar Brynjólfur var gerður að verslunarstjóra á Ísafirði 1920 minnist hann þess að hafa tekið sér það bessaleyfi að panta 300 skíði frá Noregi og þótti þetta framtak mikill viðburður á sínum tíma enda bjuggu þá um 2.000 manns á Ísafirði. Þjóðverjinn hr. Braun sem hafði strangt eftirlit með öllum sínum verslunum á Íslandi og rak þær með þýskum heraga, varð æfur þegar hann komst að þessu. En það hýrnaði yfir karli mánuði

síðar þegar skíðin voru á þrotum í versluninni. En markaðurinn var mettur að mati Brynjólfs og ekki þörf á fleiri skíðum nema kannski fáeinum pörum handa unglingum, minnist Brynjólfur.

Á þessum tíma var íþróttaiðkun orðin nokkuð almenn fyrir tilstilli UMF Ísafjarðar. Íbúar Ísafjarðar áttu fyrir tilstilli Brynjólfs nóg af skíðum og gátu lagt stund á skíði svo framarlega sem snjórinn var



nægur. Nokkrir unglingar undir forystu Guðmundar Jónssonar frá Mosdal höfðu stofnað Ungmennafélagið Árvakur árið 1916, sem lagði mikla áherslu á íþróttaiðkun. Guðmundur sem kenndi sig við Mosdal í Önundarfirði, vöggu skíðaíþróttarinnar á Vestfjörðum, var hagleiksmaður í trésmíði og hafði lokið prófi í tréskurði og ferðast um Norðurlönd á árunum 1919 til 1920 og kynnt sér þar heimaiðju tréskurðalistar. Guðmundur beitti sér fyrir því 1931, þá sem formaður Ungmennafélagsins Árvakurs, að flytja inn 30 pör af skíðum sem Barnaskóla Ísafjarðar voru gefin. Félagið gekkst fyrir skíðanámskeiðum fjögur ár í röð 1932 -1935 og fékk Norðmanninn Helge Törve til Ísafjarðar til kennslu. Þessi starfsemi vakti áhuga margra og voru það þar skátafélögin fremst í flokki og gengust Einherjar fyrir skíðakappgöngu við Valhöll árið 1932. Skíðafélag Ísafjarðar var stofnað 1934 og til að auka enn áhuga almennings á skíðafari efndi félagið árið 1935 til fyrstu skíðavikunnar sem hefur verið haldin síðan. Mynd af þátttakendum í fyrstu skíðavikunni ber þess glöggt merki að skíðamenn voru snyrtilegir til fara, pokabuxur, jakkar og skyrtur með bindi var ekki óalgengur skíðafatnaður.

Aðalsteinn Jónsson sem setið hafði í fyrstu stjórn Árvakurs var nú orðinn verslunarstjóri í verslun Jóns A. Þórólfssonar (Ljóninu) sem stóð við Aðalstræti 27. Hann tók við hlutverki Brynjólfs og hóf að flytja inn norsk skíði og skíðaáburð. Verslunin var með gott úrval af skíðavörum um langt árabil. Þar var afgreiðslumaður til margra ára Hreiðar E. Geirdal sem var hvers manns hugljúfi og naut þess að leiðbeina börnum og unglingum, sem komu í verslunina til að velja sér skíði og skíðabúnað.

Byggðasafn Vestfjarða á nokkur vel með farin norsk barnaskíði frá þessum tíma og gætu þau verið hluti af þeim skíðum sem Guðmundur lét flytja inn. Þá á Byggðasafnið heimasmíðað eintak af skíðum frá þessum tíma sem Bárður G. Tómasson skipaverkfræðingur smíðaði. Bárðarskíðin eins og þau eru kölluð gefa góða mynd af skíðum þess tíma og voru smíðuð á smíðaverkstæði Bárðar niður í Neðstakaupstað. Hjálmar R. Bárðarson minnist þess að faðir hans hafi smíðað skíði og ekki síður skíðabönd, ýmist úr leðri eða gúmmíi sem fest voru aftur fyrir hælinn. En hlutverk smiða var ekki bara að smíða skíði. Það kom oft í hlut þeirra að bjarga hryggum börnum og unglingum með brotin skíði. Það þurfti ekki mikið til að brjóta tréskíði og það kom þá oft í hlut smiða að laska saman brotin skíði þannig að lítið bæri á. Byggðasafnið á eitt laskað skíði sem sýnir glöggt hversu vel smiðum tókst til við að nýta skíðin þrátt fyrir áföll, eitthvað sem verður að teljast óhugsandi í dag. Og það voru ekki bara brot sem þurfti að laga. Árið 1928 hafði Austurríkismaðurinn Rudolph Lettner innleitt stálkanta sem voru samsettir og skrúfaðir á skíðin. Við mikil átök áttu þessir kantar það til að bogna og brotna auk þess sem skrúfurnar héldust illa í lélegri viðartegundum og því þurfti mikla lagni til að festa nýja kanta, enda ómögulegt að nota skíðin með brotna kanta. Ekki var óalgengt að skíðamenn hefðu jafnvel með sér varabirgðir og skrúfjárn til að gera við uppi í fjalli ef svo bar við.

Á svipuðum tíma og fyrsta skíðavikan var haldin á Ísafirði 1935 byrjuðu skíðaframleiðendur að reyna fyrir sér með límtrésskíði. Jörgen Aaland, Norðmaður sem búið hafði í Seattle í Bandaríkjunum heillaðist af húsgögnum úr límtré, húsgögnum sem framleidd voru með svokallaðri „split cane" aðferð og voru sterkari og léttari en önnur húsgögn. Til þess að færa þessa framleiðslutækni yfir á skíði þurfti sterkt lím sem stæðist kulda, bleytu og þann þrýsting sem skíði þurftu að þola. Aaland réði sig til húsgagnaframleiðanda, General Furniture Campany sem Ray Anderson veitti forstöðu. Anderson, sem var skíðakennari í frístundum, sá möguleikana sem slík skíði gætu haft og stofnaði fyrirtæki með B. Thompson, til að koma þessu í framkvæmd. Þessar tilraunir enduðu með því að Anderson sótti þann 13. maí 1933 um einkaleyfi fyrir framleiðsluaðferð á þriggja laga límtrésskíðum. Við meðferð umsóknarinnar hjá bandarísku einkaleyfisstofunni kom í ljós að sambærileg umsókn hafði borist frá Norðmanninum Björn Ullevalseter sem vann hjá fyrirtækinu „Splitkein of Norway". Að mati einkaleyfisstofu Bandaríkjanna hafði norska fyrirtækið ekki lagt fram jafn ítarleg gögn og rannsóknir og veitti því Anderson einkaleyfi á þriggja laga límtrésskíði þann 28. apríl 1936. (Patent nr. 1.083.530 on Laminated ski and the process of making the same). Á þessum tíma hvarflaði það ekki að þjóðarstoltum Norðmönnum að þeir væru í jafn harðri samkeppni við önnur lönd um þróun og smíði skíða. Í fyrsta, en ekki síðasta skipti urðu Norðmenn undir í samkeppni um skíðasmíði en það varð þó ekki til þess að þeir legðu árar í bát. Norðmenn hófu að markaðssetja límtrésskíði, svokölluð Splitkein skíði sem urðu síðar mjög vinsæl hér á landi. v

Byggðasafnið á í sinni vörslu eitt eintak af þriggja laga Andersons límtrésskíðum og nokkur norsk Splitkein skíði. Límtrésskíði ollu byltingu í skíðagerð og fyrirtæki

hófu umfangsmikla framleiðslu á límtrésskíðum eftir einkaleyfi Anderson. Skíðin voru bæði léttari og sterkari en gegnheil hickory skíði og undu ekki upp á sig. Með mælingum var nú hægt að raða saman pörum með nákvæmlega sömu eiginleika, stilla af spennustig fyrir misþunga skíðamenn auk þess sem þau voru hraðskreiðari.

Á sama tíma og Norðmenn og aðrar þjóðir unnu að því að þróa skíðasmíði færðist skíðagerð á Íslandi úr heimasmíði yfir á sérhæfð smíðaverkstæði. Árið 1938 auglýsti Benedikt Eyþórsson trésmiður að hann hefði komið upp skíðaverkstæði á Vatnsstíg 3 í Reykjavík. Benedikt, eða Bensi eins og hann var kallaður, nefndi verkstæðið sitt „Húsgögn og skíði" og fékk til liðs við sig norskan skíðasmið, Aasmund Falkanger til þess að koma iðn þessari á laggirnar, en Falkanger hafði um 18 ára reynslu af skíðasmíðum í Noregi. Bensi framleiddi aðallega brekku- og gönguskíði en hóf síðar að smíða stökk- og hraðgönguskíði. Skíðin voru aðallega smíðuð úr hickory og voru innbrennd en það hafði hina mestu þýðingu fyrir endingu þeirra. Þá voru brekkuskíðin með stálröðum til að verja trékantinn fyrir sliti. Í fréttatilkynningu segir að skíðin séu öll hin laglegustu útlits og séu seld í KRON á 35 krónur án skíðabúnaðar. Byggðasafn á í sinni vörslu eitt par af Bensaskíðum, skíði sem sýna að skíðagerð á Íslandi stóðst fyllilega samkeppni innflutra skíða.

Þó skíðabindingar hafi verið fáanlegar víða völdu eflaust margir íslensk skíðabönd sem Jón Helgason bólstrari framleiddi skv. einkaleyfi sem hann hafði sótt um árið 1934. Jón var áhugamaður um skíðafar og hafði í gegnum tíðina fundið ýmislegt að öðrum bindingum sem leiddi til þess að hann hóf framleiðslu á slíkum bindingum. Hann vildi bæta böndin og sótti um einkaleyfi í Noregi. Í frétt Morgunblaðsins segir um þetta framtak Jóns: „Ástæðan til þess að hann sækir um einkaleyfi þar er sú að Norðmenn eru brautryðjendur í skíðaíþróttinni, eiga yfirleitt besta

skíðamenn og hafa fundið upp margskonar endurbætur á skíðaútbúnaði. Það er því engin efi á því, að lítist Norðmönnum vel á þessi skíðabönd, þá er það Íslandi heiður, að íslendingur skuli hafa fundið þau upp".

Skíðasmíði á Íslandi átti þó eftir að komast á hærra plan og veita innfluttum og handsmíðuðum skíðum mikla samkeppni. Árið 1950 hóf Skíðagerðin Fönn fjöldaframleiðslu á skíðum. Á tveimur árum hafði fyrirtækið ráðið til sín 11 starfsmenn sem unnu við 18 mismunandi vélar sem gerðu þeim kleift að framleiða fullkomin skíði á nær helmingi lægra verði en innflutt skíði. Vélarnar voru sumar hverjar mjög fágætar, þar á meðal vél sem mótaði lag skíðanna. Guðni Jónsson, sem kostað hafði miklu til við kaup á dýrum vélum, taldi að með tímanum myndu þær borga sig upp. Á aðeins tveimur árum hafði Fönn framleitt 2.280 skíði og 5.740 pör af skíðastöfum og 4.600 bindingar. Efniviðurinn var aðallega hickory, askur, birki og fura og þóttu skíðin mjög góð og yfirleitt mýkri en erlend skíði. Sú nýjung hafði haldið innreið sína í skíðaframleiðslu að skíði fengust nú ásett með plastbotni og komu þeir í stað innbrennslu sem gaf mun meira rennsli og bauð upp á fjölbreyttari notkun áburðar sem Fönn framleiddi líka. Fönn hafði uppi áform um að framleiða samlímd skíði og leitaði fyrir sér með möguleika á útflutningi íslenskra skíða.

Og það var ekki bara skíðasmíði sem blómstraði á þessum tíma. Um töluvert langt tímabil reyndist erfitt að fá skíðaskó á Íslandi og því tók Páll Jörundsson skósmiður sig til og byrjaði að sauma skíðaskó eftir máli. Páll fæddist í Önundarfirði og ólst upp í Mosdal fram að fermingu þegar hann fluttist til Ísafjarðar. Þar gekk hann í Skátafélagið Einherja og tók virkan þátt í skíðastarfinu og keppti m.a. í skíðagöngu á Thulemótinu árið 1938. Árið 1945 fluttist Páll til Reykjavíkur til að nema skósmíði. Að námi loknu fór Páll í sérnám til Svíðþjóðar til að nema íþróttaskósmíði þar sem hann lærði að smíða skíðaskó. Þegar heim var komið keypti hann sérstaka saumavél fyrir skíðaskó og setti á stofn skóvinnustofu og hóf að smíða jafnhliða því sem hann keppti í öllum

skíðagreinum, göngu, stökki og svigi. Byggðasafnið á í sinni vörslu skíðaskó eftir Pál, sem Jakobína Jakobsdóttir gaf safninu en þau störfuðu lengi saman í Skíðafélagi Reykjavíkur.

Á sama tíma og Skíðagerðin Fönn reyndi fyrir sér með útflutning á skíðum gerðu frumkvöðlar í Evrópu og Bandríkjunum tilraunir með að líma saman ál og tré í von um að gera skíðin sterkari og léttari. Árið 1952 tókst Bandaríkjamanninum Howard Head að búa til álþynnuskíði sem voru markaðssett sem Head Standart, svört skíði sem náðu á örfáum árum um 40% markaðshlutdeild í Bandaríkjunum, enda voru skíðin bæði léttari og sterkari en tréskíðin. En Head

tókst ekki að sannfæra keppnismenn um ágæti skíðanna. Það kom í hlut Frakkans Emile Allais, fyrrverandi heimsmeistara, sem hafði prófað skíðin, að þróa aðra gerð álþynnuskíða með Rossignol og markaðssetja sem Allais 6. Það má segja að upphafið að endalokum límtrésskíða hafi orðið þegar Jean Vuarnet vann gullverðlaun í bruni á Ólympíuleikunum í Squaw Valley árið 1960 á Allais 6 álþynnuskíðum. Sambærileg tímamót urðu aftur þegar Karl Schranz vann gullverðlaun í Chamonix á Kneissl White star, epoxy fíbergler skíðum. Árið 1966 var meira en helmingur allra keppnismanna kominn á fíber skíði og tími tréskíða var að líða undir lok.

Það tók að vísu mörg ár þar til allir höfðu ráð á nýrri tegund skíða hér á landi. Keppnismenn voru þeir fyrstu til að leggja gömlu tréskíðunum en margir muna eftir tréskíðum löngu eftir að fyrstu fíbergler skíðin komu á markað. En útrásarmöguleikar íslenskrar skíðagerðar mættu samkeppni sem ekki varð ráðið við og íslenskum iðnaðarmönnum sem sérhæfðu sig í skíðagerð fækkaði ört. Skíðaskór og bindingar þróuðust að sama skapi

mjög hratt og ekki leið á löngu þar til allur skíðabúnaður var fluttur inn og íslenskir iðnaðarmenn hættu að smíða og framleiða innlendar vörur.

Í dag er skíðahönnun meistaraverk nútímatækni þar sem framleiðendur blanda saman fyrsta flokks hráefnum með flóknum framleiðsluaðferðum til að mæta kröfum skíðamanna. Skíðahönnun hefur verið byltingarkennd og skíðabúnaður hefur þróast með miklum hraða. Lögun svigskíða hefur tekið miklum breytingum og nú þjóta skíðamenn niður brekkurnar á 165 cm „carving" skíðum sem hafa 12 til 15 metra beygjuradíus. Skíðaskór eru fóðrarðir og passa skíðabindingum sem uppfylla ströngustu öryggiskröfur.
En gömlu tréskíðunum fylgja ljúfsárar minningar fyrir þá sem eyddu löngum stundum í að laga brotna kanta og tjarga botninn. Það gleður marga að skoða vel með farin tréskíði sem bera vott um gott handverk þar sem hvert handtak var úthugsað. Smíði tréskíða á Íslandi er gott dæmi um sjálfsbjargarviðleitni á tímum gjaldeyrishafta til að koma ungum sem öldnum á skíði með litlum tilkostnaði. Er það von höfundar að þessi grein verði öðrum hvatning til að gefa Byggðasafni Vestfjarða fágaðar fjalir til varðveislu og öðrum til ánægju.

Um höfund:
Ólafur Sigurðsson er Ísfirðingum vel kunnur. Ólafur rekur ættir sínar til Bíldudals og Patreksfjarðar, sonur Sigga Bjarna á Orranum og Urðar Ólafsdóttur. Hann er alinn upp á Ísafirði frá unga aldri og lagði stund á skíði sem barn og unglingur og dvaldi löngum stundum á Seljalandsdal við æfingar og leik. Ólafur er búsettur í Reykjavík þar sem hann veitir lífeyrissjóði forstöðu, kvæntur Mörtu Hlín, dóttur Magna Guðmunds og Svönu Þórðar.

1 Þjóðviljinn ungi, 30. tölublað, 14. apríl 1899, Blaðsíða 118
i Austri, 2. Tölublað, 19. janúar 1901, bls. 2
ii Vestri 22. Tölublað. V. Árg., 1906
iii Þjóðviljinn ungi, 22. Tölublað, 9. maí 1908, bls. 86
iv Skinfaxi, 1. Árg. 1907, bls. 6.
v Glenn Murray - www.murray.as

Hjá Sillu
ms
EFNALAUGIN ALBERT ehf
Sindragötu 14, Ísafirði • Sími 456 4670
Fjarðarnet hf, Netagerð
TH
Tækniþjónusta Vestfjarða
Rafverk Alberts Guðmundsson
Bakkavík hf.
Hafnargata 80-96 • 415 Bolungarvík
Sími: 450 7500 • Fax: 450 7501
PÓLLINN
KLM

Ævintýri í Póllandi

Skíðafélag Ísfirðinga átti þrjá af tíu fulltrúum Íslands á Ólympíudögum æskunnar sem fram fóru í Póllandi dagana 14.-21. febrúar síðastliðinn. Ólafur Njáll Jakobsson keppti í alpagreinum og Rannveig Jónsdóttir og Silja Rán Guðmundsdóttir kepptu í skíðagöngu. Þau segja hér ferðasögu sína.

Ferðin okkar byrjaði á fimmtudegi þegar við flugum suður, stússuðumst eitthvað þar og fórum saman í bíó um kvöldið. Næsta morgun hittumst við á ÍSÍ, fengum fötin okkar, borðuðum góðan mat og hittum hina ferðalangana. Svo var eitthvert vesen því nokkrar úlpur voru ekki komnar en svo komu þær og við brunuðum út á Keflavíkurflugvöll. Þar höfðum við 10 mínútur í fríhöfninni áður en við þurftum að hlaupa út í vél. Flugið gekk vel, við fengum að borða í Kaupmannahöfn áður en við flugum til Varsjár. Þar fengum við að fara í strætó á flugvellinum, fyrsta af mörgum í þessari ferð. Frá Varsjá flugum við til Kraká og þaðan keyrðum við í funheitri rútu til bæjarins okkar, Szczyrk og vorum komin þangað kl. 4 um nóttina. Þá þurftum við að bera töskurnar okkar og þungu skíðapokana upp 39 ómokaðar tröppur nokkrar ferðir, dauðþreytt. Stopp nú! Svo komum við okkur fyrir og fórum að sofa.

Næsta dag komumst við að því að það var ótrúlega mikill snjór í bænum og ekkert hægt að fara á skíði. Rannveig og Silja fóru út að hlaupa með Jakobi, á meðan Óli og hinir svigkrakkarnir skoðuðu hótelið og röltu um bæinn. Laugardagurinn og sunnudagurinn fóru mest í að skoða bæinn og slappa af uppi á hóteli. Á sunnudagskvöldinu var opnunarhátíðin, sem var mjög skemmtileg og flott og við áttuðum okkur á því hvað þetta var stórt. Það endaði á risahópdansi uppi á sviði með pólsku hljómsveitinni Golec uOrkiestra. „Crazy is my life" var lag kvöldsins. Þetta kvöld fengum við að vita að það yrði ekki keppt daginn eftir því skipuleggjendurnir réðu ekki við alla snjókomuna. Göngustelpurnar fengu samt að keyra til Kubalonka, sem tekur klukkutíma hvora leið, og skoða keppnisbrautina með Jakobi. Dagskráin var þá farin að breytast stöðugt því skipuleggjendurnir höfðu ekki gert ráð fyrir allri snjókomunni og því var varla hægt að stóla á neitt. Við létum það samt ekki fara í taugarnar á okkur. Á þriðjudeginum kepptu Silja og Rannveig í hefðbundinni 5 km göngu og svigstelpurnar í svigi. Þá komumst við að því hvað brautirnar voru erfiðar, sérstaklega í þessu hrikalega grafna færi. Óli og strákarnir gátu ekkert æft þennan dag vegna aðstæðna.

Daginn eftir kepptum við öll þrjú, í enn grafnara færi. Helga aðalfararstjóri og Ólafur forseti ÍSÍ horfðu á göngustelpurnar þennan dag, svigstelpurnar daginn áður en Ólafur náði ekki að sjá strákana vegna dagskrárbreytinganna. Það sem við gerðum svo til að stytta okkur stundir á hótelinu var að fara í sund, vera í mini-spilavítinu og borðtennis, borða brauð og drekka te, sumar stelpur horfðu á eftir fögrum austurrískum folum sem gengu um gangana heilsandi íslensku stelpunum, tala við Bretana (sérstaklega skoska þjálfarann), vorum á fundum og lágum uppi í rúmi í Dolphin Olympics, höfrungaleiknum vinsæla.

Allir voru voða spenntir fyrir fimmtudeginum, því þá áttu svigkrakkarnir frí og ætluðu að horfa á íshokkíleik í öðrum bæ. Göngustelpurnar kepptu þá í sprettgöngu. Því miður brást „pottþétta" rútan til íshokkí-bæjarins og svigkrakkarnir voru fastir heima því þeir hefðu ekki heldur náð rútunni til Kubalonka. Það var mjög leiðinlegt. Þennan dag ákváðu Rannveig og Silja að skella sér í boðgöngu með Grænlendingi og Dana daginn eftir sem þær sjá ekki eftir. Óli keppti líka þarna á föstudeginum, í stórsvigi, en datt svo illa að fólkið í brekkunni var hrætt um líf hans. Þarna um kvöldið var lokahátíð í Wisla, rétt hjá Kubalonka, þar sem fólk skipti á fötum og fleiru. Svo týndumst við smá en það var bara smá misskilningur hjá Martynu (yndislegu 19 ára aðstoðarkonunni okkar sem vakti allar nætur að bíða eftir nýjustu upplýsingum vegna skipulagsleysisins, að deyja úr stressi og dauðhrædd við okkur í byrjun). Þegar við komum upp á hótel flýttum við okkur að pakka niður því heimferðinni var flýtt aðeins og keyrðum af stað um miðnætti. Við komum í tóma flugstöð í Kraká og þurftum að bíða heillengi áður en það fattaðist að við vorum í vitlausri byggingu. Við þurftum þá að labba í snjónum, með allar töskurnar, svona kílómetra og þá tók við öll yfirvigtin í innrituninni. Við flugum sömu leið heim til baka, með 4 tíma stoppi á Kastrup, þar sem við nýttum eina tækifærið í allri ferðinni til að versla (fyrir utan allan matinn og nammið). Við sofnuðum svo öll fyrir kl. 21 um kvöldið, eftir að hafa vakað í 40 tíma, og flugum svo heim morguninn eftir. Takk fyrir okkur.

PÓSTKORT FRÁ SKÍÐAKRÖKKUM ERLENDIS

Hæhæ allir heima!

Ég er sem sagt stödd sem skiptinemi í Charleston, sem er um 30.000 manna bær í miðju Illinois fylki í Bandaríkjunum, og hef verið hér síðan í ágúst. Þar sem ég er inni í miðju landi er enginn sjór hérna og svo eru engin fjöll heldur! Það hefur ekki verið mikill snjór hérna í vetur og ég hef ekkert komist á skíði síðan ég kom og held ég verði bara að bíða með það þangað til ég kem aftur heim. Það snjóaði samt alveg nokkra daga en þá daga fengum við líka frí í skólanum vegna of mikilla snjóa. Það eru nokkur svigskíðasvæði hérna í Illinois en það tekur samt rúma 6 klukkutíma að komast þangað! En ég hef samt ekki setið aðgerðarlaus þrátt fyrir skíðaleysið. Mig langaði að prófa nýjar íþróttir, helst einhverjar sem ég hafði aldrei stundað áður að ráði, svo að um leið og ég kom út skráði ég mig í blaklið skólans. Blaktímabilið stóð yfir þangað til í nóvember og eftir það ákvað ég að spila körfubolta sem endaði í febrúar og nú er ég að spila fótbolta. Svo ég mun spila þrjár mismunandi íþróttir á þessu skólaári! Ég er einnig í The High School Musical hérna í skólanum og við erum að setja upp „Damn Yankees".

Ég er svo sannarlega búin að fá að gera allt þetta týpíska ameríska: Halloween, Homecoming, Thanksgiving, halda amerísk jól, ganga í „American High School" og fleira og á síðan eftir að gera ennþá meira áður en ég kem heim í lok júní

Þetta hefur verið ómetanleg lífsreynsla og algjörlega staðist þær væntingar sem ég hafði, ég hef kynnst fullt af nýju fólki og nýrri menningu, eignast nýja vini og fjölskyldur, lært að standa á eigin fótum en umfram allt lært að heima er best!

Sjáumst hress á skíðum á næsta ári!

Bestu kveðjur frá Bandaríkjunum,
Sólveig Guðmunda Guðmundsdóttir.

Skiptinemi skrifar frá Ítalíu...

Þann 5. september 2008 hóf ég Ítalíuævintýri mitt þegar ég kvaddi fjölskylduna á Keflavíkur-flugvelli. Síðan þá er svo ótrúlega margt búið að gerast hjá mér
og ég búin að kynnast fullt af frábæru fólki. Fósturfjölskyldan mín samanstendur af mömmu, pabba, yngri bróður (´97) og eldgömlum ketti. Við búum í ítölsku Ölpunum í litlum bæ sem heitir Villadossola og er
í u.þ.b. klukkustundar lestarfjarlægð frá Mílanó. Aðal tilgangur þessarar dvalar minnar hérna er að sjálfsögðu
að læra ítölsku, kynnast ítalskri menningu, kynnast nýju fólki og síðast en ekki síst hafa gaman. Í allt haust æfði ég blak hérna í bænum mínum því nánast önnur hver stelpa stundar blak hérna. Eftir áramótin skipti ég yfir í hlaupin og fór að mæta á hlaupaæfingar hjá einum hlaupahóp hérna (Riddarar Rósu 2). Er m.a.s. búin að taka þátt í einu hlaupi svona upp á gamanið. Fósturfjölskyldan mín á lítinn fjallakofa hérna rétt hjá sem við erum búin að fara nokkrum sinnum í. Þar förum við á svigskíði og ég fer líka stundum á snjóþrúgur sem mér finnst algjört æði! Það er líka svo ofboðslega fallegt þarna, Alparnir í allir sinni dýrð. Það sem eftir er af dvölinni á ég eftir að gera svo ótrúlega margt skemmtilegt! Nánast allan marsmánuð verð ég t.d. á ferðalagi. Fer til Þýskalands með bekknum í eina viku, fer síðan til Rómar í fjóra daga með bekk vinkonu minnar og að lokum fer ég til Caserta rétt hjá Napolí í eina viku sem AFS skipuleggur. Auk þess fer ég einhvern tímann til Mílanó í skoðunarferð (þó ekki í mars sem betur fer). Eitt er víst að ég verð komin heim í minn ástkæra Skutulsfjörð áður en ég veit af! Ég er þó byrjuð að kvíða fyrir því að kveðja fjölskylduna og alla ítölsku vinina – það á sko sannarlega eftir að taka á. Ég má þó ekki hugsa um það núna, verð að njóta þess að vera hérna og líka njóta matarins hérna! Ítölsk matargerð er bara snilld. Ég held að ég sé búin að borða meira pasta á þessum stutta tíma sem ég hef verið hérna en öll mín 17 ár á Íslandi! Að lokum óska ég öllum gleðilegrar skíðaviku og njótið þess að borða íslensk páskaegg!

Bestu kveðjur frá stígvélalandinu góða, Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

Hæhæ



Ég er búin að vera í Noregi, nánar tiltekið í Geilo, síðan í ágúst. Ég var au-pair hjá íslenskri fjölskyldu hérna fyrir áramót og það var rosa gaman og góð lífsreynsla. Ég ákvað að fara í apríl á seinasta ári þegar mér barst ábending um að fjölskyldu í Noregi vantaði au-pair. Fjölskyldan samanstendur af foreldrum, tveggja ára gutta og eineggja tvíburum sem eru strákar fæddir í ágúst 2008 og ekki má gleyma Schäfer hundinum Pex.
Ég er búin að kynnast fullt af fólki og það er alveg slatti af Íslendingum hér, ég held við séum um 40 talsins. Núna bý ég með kærastanum mínum í íbúð hér og hef það voða gott, kem reyndar heim til Íslands 8. mars.
Ég er búin að stunda gönguskíðin í allan vetur enda eru rosalega góðar aðstæður hér til æfinga en því miður get ég ekki æft með hóp og finnst það frekar leiðinlegt. Troðnir eru 200 km af brautum hér allt í kring en við æfum aðallega í ljósabrautinni sem er 5 km og voða fín til æfinga.
Við íslensku krakkarnir í Geilo hittumst oft og spilum og höfum það skemmtilegt. Það eru sex íslenskir krakkar í skíðamenntaskólanum hér.
Þetta er nú það helsta sem ég hef verið að bralla í vetur. Gott að prófa að búa annars staðar og kynnast aðeins menningunni hér þótt hún sé ekki svo frábrugðin þeirri íslensku. Svo er líka fínt að vera búin að læra norskuna.
Kær kveðja
Ingibjörg Elín Magnúsdóttir.

„Ísafjörður æðislegur staður fyrir fjölskyldur“

Almenn gönguskíðaiðkun á Ísafirði hefur verið að aukast jafnt og þétt síðustu ár og er óhætt að segja að heilu fjölskyldurnar hafi ánetjast íþróttinni á skömmum tíma. Gott dæmi um það eru Iwona og Janusz Frach en þau eru tíðir gestir á göngusvæðinu á Seljalandsdal ásamt sonunum þremur: Maksymilian, sem er tólf ára, Mikolaj átta ára og Nikodem sex ára.

Iwona og Janusz fluttust til Íslands frá borginni Kraká í Póllandi fyrir fjórtán árum og hafa búið og starfað á Ísafirði allar götur síðan. Þau kenna bæði við Tónlistarskóla Ísafjarðar, hún á píanó en hann á fiðlu og selló, en það voru einmitt störfin við skólann sem drógu þau til Íslands. Þau hafa komið sér vel fyrir á Ísafirði með drengina sína þrjá og segjast farin að líta á Ísland sem sitt annað föðurland. Í þeirra huga er Ísafjörður æðislegur staður fyrir fjölskyldur enda þykir þeim framboðið mikið af tómstundum og ýmiss konar afþreyingu, hvort heldur er í tónlist eða íþróttum.

Frach-fjölskyldan kynntist ekki gönguskíðaíþróttinni fyrir alvöru fyrr en fyrir þremur árum þegar elsti sonurinn, Maksymilian, fékk gönguskíði í jólagjöf. Uppúr því gerðust hlutirnar hratt, miðjudrengurinn vildi prófa skíðin tveimur dögum seinna og eftir viku var öll fjölskyldan mætt upp á Seljalandsdal á skíði. Heima í Póllandi höfðu þau lítið haft af skíðagönguíþróttinni að segja en þó er mikil hefð fyrir henni í landinu - einkum í suðvesturhluta Póllands, á þeim slóðum þar sem Ólympíuleikar æskunnar fóru fram í febrúar. Þar kepptu einmitt tveir ungir Ísfirðingar í göngu. Aðspurð um það í lokin hvort svigskíðin hafi aldrei heillað er svarið afdráttarlaust hjá tónlistarhjónunum Janusz og Iwonu: „Nei, það er of hættulegt fyrir tónlistarfólk.”

Hin íslenska, lítt þekkta „Vasaganga“ gerir Oskar Svärd ljóðrænan!

Oskar Svärd hefur upplifað mikið sem skíðagöngumaður en það sem hann hefur upplifað á Íslandi slær því öllu við. Á síðasta ári mætti hann í annað skiptið. „Ævintýralegt, alveg frábært“.

Firðir, hafið, eldfjöll, heitar vatnsuppsprettur og fín skíðagönguspor. Þessi þrefaldi sigurvegari Vasagöngunnar, Oskar Svärd, verður dreyminn þegar hann segir frá hinni tiltölulegu óþekktu skíðagöngukeppni, Fossavatnsgöngunni, í smábænum Ísafirði með liðlega 4000 íbúa.

Fyrir tveimur árum var skíðagöngukappanum frá Välådalen SK boðið að taka þátt í 50 km í Fossavatnsgöngunni.
Í ár (2008) var ég aftur mættur á startlínuna. Veðrið var ekki eins gott en fólkið, náttúran og skíðagangan olli mér ekki vonbrigðum í þetta skiptið heldur. Að taka þátt í Fossavatnsgöngunni bætti nýrri vídd við skíðaferil minn. Ég fæ andlega orku við að dvelja í þessu landslagi. Fullkominn endir á keppnistímabilinu. Umhverfið veitir mér sálræna ró.

Oskar Svärd sigraði fyrsta árið sem hann tók þátt (2007) en varð númer tvö, á eftir Svein Tore Sinnes árið 2008.
En þrátt fyrir að lautinant Svärd í Ing 2 í Eksjö sé keppnismaður fram í fingurgóma þá grætur hann ekki yfir því að hafa misst af sigri á Íslandi.

Á Ísafirði varð ég svo uppnuminn af því sem ég upplifði. Hugsandi með sjálfum mér, ýtandi á skíðum fram fjallabrún með hafið fyrir augunum, að auki tvo firði og 20 m háan foss frá heitri uppsprettu úr klettunum.

Fossavatnsgangan er bæði fyrir keppnismenn og áhugamenn. Fjórar keppnisvegalengdir, 50, 20, 10 og 7 km. Árið 2008 voru nálægt því 300 keppendur sem komu meðal annars frá Svíþjóð, Noregi, Bandaríkjunum og Kanada til að taka þátt í mismunandi vegalengdum.

Er þetta nokkurs konar „Vasaganga“ á Íslandi?

Já, maður getur sagt það, ekki eins fjölmenn skilurðu en stemningin og andrúmsloftið eru sambærileg. Frábær skipulagning, fín gönguspor, einlægt starfsfólk, allt svínvirkar. Maður verður virkilega gagntekinn af Íslandi. Þar fyrirfinnst slík auðmýkt hjá fólkinu og hún hafði mikil áhrif á mig. Ég uni mér vel á Íslandi.

Hvernig myndir þú lýsa skíðakeppninni?

Að meginhluta hefðbundin ganga, með sléttum þ.e.a.s. keppendur geta nýtt sér frábært rennsli. Landslagið er margbreytilegt en ekki svo krefjandi, nokkrar langar brekkur og eftir það ca 2 km rennsli áður en kemur að góðri brekku. Í lokin kemur síðan létt rennsli í 4-5 km áleiðis að markinu sem staðsett er ofan við Ísafjörð.

Hvar byrjar gangan?

Þátttakendur er fluttir með rútu upp í startið sem er á frábærum útsýnisstað. Síðan er startað út. Löng röð skíðamanna fer framhjá startinu aftur og yfir fjallið (Fellsháls). Brautin var frábær í þau skipti sem ég hef tekið þátt.
Aftur á móti er það snjómagnið og veðrið sem skipta öllu máli. Fyrra árið var glampandi sól og allt á kafi í snjó. Í ár (2008) var aðeins minni snjór og aðeins verra veður.

Finnst þér að Fossavatnsgangan sé heppileg fyrir hinn almenna gönguskíðamann?

Já, engin spurning, gangan er frábær og heppileg fyrir alla.
Ferðin í heildina gaf mér mikið og reyndist frábær í alla staði.
Skíðagöngukeppni í bland við upplyftingu sálarinnar á eyju sem býr yfir svo mörgum áhugaverðum stöðum.

Þú hefur ná þér í dálítið „frí“ þegar þú hefur farið þangað?

YES. Ég leigði bíl í Reykjavík og ók þessa rúmlega 400 km leið til Ísafjarðar, það tekur u.þ.b. 7 tíma. Einnig er hægt að taka innanlandsflugið frá Reykjavík. Sú ferð tekur aðeins 40 mín. Bílferðin býður þó upp á marga spennandi möguleika. Ég dvaldi í Reykjavík í tvo daga í fyrri ferðinni. Blanda af skemmtun og alvöru í lok apríl, frábært.

Ferð þú í Fossavatnsgönguna 2009?

Jahá. Það er niðurneglt í æfingadagbókina mína. Ég get ekki hugsað mér betri endi á tímabilinu en að taka þátt í þessari göngu.

Ýmsar upplýsingar:

Flestir sigrar: Kristján Rafn Guðmundsson. Síðustu sigurvegarar: Svein Tore Sinnes, frá Noregi og Lina Anderson frá Svíþjóð.

Þekktir þátttakendur og sigurvegarar í gegnum tíðina: Jörgen Aukland, Thomas Alsgaard, Oskar Svärd, Pål-Gunnar Mikkelsplass, Hilde G. Petersen, Lina Anderson, Suzanne Nyström og Einar Ólafsson.

Heimasíða: www.fossavatn.com
Höfundur: Torbjörn Nordvall
Vasalöparen 19.09.2008.
Þýtt og staðfært: Kristbjörn R. Sigurjónsson

NÚPUR MADSHUS

Gönguskíðapakkinn

Keppnispakkinn
Skór,skíði,bindingar og stafir
Tilboð kr. 85.900,-

Almenningspakkinn
Skór, skíði, bindingar og stafir
Tilboð kr.55.900,-



Barnaskíðapakkinn
Skór,skíði bindingar, stafir
Tilboð kr. 17.400,-

Madshus, norsk gæði

Núpur ehf. Skeiði 1, 400 Ísafjörður, 456 3114, www.nupur.is

Vinsælasta íslenska fjölskyldutryggingin

Þarfir íslenskra fjölskyldna eru mismunandi. Þess vegna fæst vinsælasta fjölskyldu- tryggingin í nokkrum útgáfum. Eftir því sem heimilið stækkar og áhugamálin breytast velur þú þá vernd sem hentar þér best innan F plús trygginganna.

Þess vegna er F plús vinsælasta fjölskyldutryggingin á Íslandi.

Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

VÍS

DAGSKRÁ SKÍÐAVI

Miðvikudagurinn 8. apríl

10:00-17:00 Skíðasvæðin á Tungudal og Seljalandsdal opin

16:30 Setning Skíðaviku á Silfurtorgi.
Lúðrasveit Tónlistarskóla Ísafjarðar marserar ásamt meðlimum úr Skíðafélagi Ísfirðinga frá Ísafjarðarkirkju að Silfurtorgi. Leikarar úr Litla leikklúbbnum flytja atriði úr „Við heimtum aukavinnu". Skíðafélag Ísfirðinga selur heitt kakó og pönnsur.

17:00 Sprettganga Núps í Hafnarstræti

19:00-22:00 Páskahlaðborð styrktarsjóðsins Framfarar
Edinborgarsalur. Veisluhlaðborð að hætti
Elínar og Hugljúfar Ólafsdætra auk frábærra skemmtiatriða:
• Kvennakórinn Valkyrjurnar tekur lagið
• Litli Leikklúbburinn verður með leik- og söngatriði
• Uppboð á ýmsum hlutum, svo sem veiðihjóli frá Fossadal, Stólnum Dropa, Skartgripum frá Dýrfinnu Torfa og Guðbjörgu Ingvars, Skúlptúrverki frá Guðrúnu Halldórs og fatnaði frá GusT.
Veislustjóri: Ólafur Sigurðsson (Óli Sig)
Öll innkoma og sala á uppboðinu rennur í sjóðinn sem er ætlaður til styrktar afreksfólki okkar á skíðum. Miðapantanir í síma 863-1614 (Friðgerður) fyrir 31. mars og miðar sóttir í Edinborgarhúsið 1. apríl frá 17:00 – 18:30
Fyrstir koma fyrstir fá – takmarkað sætaframboð.

21:00 Útgáfutónleikar Þrastar Jóhannessonar
í tilefni af útkomu hljómdisksins Vorið góða. Tónleikarnir fara fram í Hömrum en Þresti til halds og trausts á tónleikunum verður hljómsveitin Þúfutittlingarnir sem skipuð er þeim: Halldóri Smárasyni, Stefáni Frey Baldurssyni, Valdimari Olgeirssyni og Tuma Þór Jóhannssyni. Aðgangseyrir kr. 1.000.

22:00-03:00 Kvartett MÍ með „kombakk" við undirleik Milljónamæringanna í Edinborgarsal
Milljónamæringarnir og Bógomil Font leika svo fyrir dansi á eftir. Miðapantanir í forsölu á skrifstofutíma í síma: 456-3622 en einnig verður hægt að fá miða við innganginn.

23:30-03:00 Trúbadorinn Einar Örn
Spilar og syngur í Kjallaranum í Einarshúsi. Ómar Smári Kristinsson sýnir teikningar í Kjallaranum, Gréta Gísladóttir sýnir málverk í salnum.
Skíðasýning í Rögnvaldarsal, BSV og Ísfirðingafélagið, hönnuður sýningar Rakel Sævarsdóttir.
Skipasmíðar Marzellíusar, sýning í safnahúsinu á Eyrartúni. Málverkasýningin Tvennur á gangi Edinborgarhússins. Þetta er 34. einkasýning ísfirska myndlistarmannsins Péturs Guðmundssonar.
Götubingó fjölskyldunnar. Götubingó fyrir alla fjölskylduna.
Nokkurs konar ratleikur þar sem gengnar eru mismunandi gönguleiðir í bænum og númerum safnað. Miðar seldir í Hamraborg.

Fimmtudagurinn 9. apríl

10:00-17:00 Skíðasvæðin á Tungudal og Seljalandsdal opin.

11:00 Ferming í Hólskirkju.

12:00-14:00 KFÍ og Nói Sírius halda 2 á 2 páskaeggjamót í íþróttahúsinu á Torfnesi

13:00 Skíðaskotfimi á Seljalandsdal
Boðið verður upp á æfingu og kennslu í meðferð skotvopna kl. 11:00 sama dag.

15:00 Boarder Cross mót fyrir börn í Tungudal.

14:00 Fermingarmessa í Ísafjarðarkirkju.

15:00-18:00 Billustofa í túninu heima.
Fjöllistakonan Marsibil G. Kristjánsdóttir, Billa, hefur vinnustofu sína opna um páskana. Gestum gefst kostur á að líta á fjölbreytt listaverk hennar og kaupa líka. Heitt verður á könnunni. Billustofa er í risinu á Túngötu 17 á Ísafirði, gengið inn að aftanverðu.

17:00 Leikhúspáskar á Ísó „Við heimtum aukavinnu!"
Edinborgarhúsið, miðasölusími: 618 8269

19:00 Við Pollinn. Matur og söngskemmtun þar sem Bergþór Pálsson skemmtir. Ostadesertinn verður að sjálfsögðu á sínum stað. Borðapantanir í síma 456 3360.

19:00 Djassað í Dalnum. Muurikkaveisla og Djass í Fjósinu í Arnardal. Höfðingjarnir Villi Valli, Óli Kristjáns og Magnús Reynir leika af sinni alkunnu snilld. Murrikkaveisla reidd fram í hlöðunni af gestakokknum Sigþóri Sigurðssyni. Borðapantanir í síma 860-6062 og á arnardalur@arnardalur.is. Verð 3.900 kr. á mann. Boðið verður upp á sætaferðir. www.arnardalur.is

20:00 Helgistund með lifandi tónlist í Flateyrarkirkju. Boðið upp á nýbakað brauð og vínber á eftir.

20:00 Big jump snjóbrettamót á Ísafirði. Keppnin verður að öllum líkindum haldin í Bæjarbrekkunni.

20:00 Messa í Þingeyrarkirkju.

21:00 Leikhúspáskar á Ísó – Við heimtum aukavinnu! Edinborgarhúsið, miðasölusími: 618 8269

Námstefna fyrir listamenn í Bryggjusal. Samstarfsverkefni Aldrei fór ég suður, Menningarmiðstöðvarinnar Edinborgar og IMX (Icelandic music export). Bandaríski markaðsfræðingurinn Ariel Hyett heldur námskeið um það hvernig listamenn markaðssetja sjálfa sig. Sjá nánar á vef Aldrei fór ég suður.
Skíðasýning í Rögnvaldarsal, BSV og Ísfirðingafélagið, hönnuður sýningar Rakel Sævarsdóttir.
Málverkasýningin Tvennur á gangi Edinborgarhússins.
Þetta er 34. einkasýning ísfirska myndlistarmannsins Péturs Guðmundssonar.

Föstudagurinn 10. apríl

10:00-17:00 Skíðasvæðin á Tungudal og Seljalandsdal opin.

10:00 Kirkjuganga frá Flateyrarkirkju í Holt. Helgistund og súpa á áfangastað. Þægilegur gönguhraði sem hentar öllum.

10:00 Hin árlega gönguskíðaferð með Sjóferðum Hafsteins og Kiddýjar.
Farið verður frá Ísafirði og gengið frá Aðalvík til Hesteyrar.
Fararstjóri verður Jón Björnsson, forstöðumaður Hornstrandastofu.
Upplýsingar og bókanir í símum 456 3879 eða 892 4879.
Einnig hjá Vesturferðum í síma 456 5111.

11:00 Helgistund í Tungudal.

11:00 Helgistund í Hólskirkju.

11:00-17:00 Furðufatadagur í Tungudal. Löng hefð er fyrir því að fjölskyldan skemmti sér saman í Tungudal á föstudaginn langa. Fólk er hvatt til að mæta uppáklætt. Kveikt verður í grillinu um hádegi, börnin geta látið mála sig við undirleik lifandi tónlistar og sælgæti mun rigna af himnum ofan.

11:00 Guðsþjónusta þar sem kirkja stóð á Söndum í Dýrafirði
Gengið verður til Þingeyrar að henni lokinni – ef veður leyfir.
Ef veður hamlar, verður helgihaldið í Þingeyrarkirkju.

DAVIKUNNAR 2009

14:00 Leikhúspáskar á Ísó – Auðun og ísbjörninn, Tjöruhúsið Ísafirði. Miðapantanir: www.komedia.is og í síma: 891 7025.

14:00 Töltkeppni í reiðhöllinni á Söndum í Dýrafirði. Keppendur sýna tölt við tónlist. Áhorfendur fá í hendur atkvæðaseðla þar sem þeir sjá um að raða keppendum í sæti miðað við frammistöðu. Á meðan á söfnun atkvæðaseðla stendur verður Stormur með kaffisölu þar sem hægt er að kaupa heitt súkkulaði, kaffi og heimabakaðar kökur. Í hléinu verður teymt undir börnum og öðrum þeim sem vilja prófa að fara á hestbak.

15:00-18:00 Billustofa í túninu heima. Fjöllistakonan Marsibil G. Kristjánsdóttir, Billa, hefur vinnustofu sína opna um páskana. Gestum gefst kostur á að líta á fjölbreytt listaverk hennar og kaupa líka. Heitt verður á könnunni. Billustofa er í risinu á Túngötu 17 á Ísafirði, gengið inn að aftanverðu.

16:00 Leikhúspáskar á Ísó – Gísli Súrsson, Tjöruhúsið Ísafirði. Miðapantanir: www.komedia.is og í síma: 891 7025. **16:00 Helgistund á Fjórðungssjúkrahúsinu.**

19:00 Við Pollinn. Matur og söngskemmtun þar sem Bergþór Pálsson skemmtir. Ostadesertinn verður að sjálfsögðu á sínum stað. Borðapantanir í síma 456 3360.

19:00-01:00 Aldrei fór ég suður. Rokkhátíð alþýðunnar verður haldin í sjötta sinn.

20:00 Afmælisfundur AA-samtakanna í Ísafjarðakirkju.

20:00 Dragedúkken leik- og söngdagskrá. Í Félagsheimilinu á Þingeyri. Íþróttafélagið Höfrungur á Þingeyri býður uppá sérstaka og stórmerkilega leik- og söngdagskrá er nefnist Dragedúkken.

21:00 Leikhúspáskar á Ísó – Við heimtum aukavinnu! Edinborgarhúsið, miðasölusími: 618 8269

23:59-03:00 Singstar í Kjallaranum. Ómar Smári Kristinsson sýnir teikningar í Kjallaranum. Gréta Gísladóttir sýnir málverk í salnum.

00:00-04:00 Hljómsveitin Skítamórall með stórdansleik í Félagsheimilinu Hnífsdal.

00:00 Tónleikar með hljómsveitinni Vicky á Vagninum á Flateyri. Húsið opnar á miðnætti.

00:00 Leikhúspáskar á Ísó – Við heimtum aukavinnu! Edinborgarhúsið, miðasölusími: 618 8269

Laugardagurinn 11. apríl

10:00-17:00 Skíðasvæðin á Tungudal og Seljalandsdal opin.

11:00 Vestfjarðamót Hótels Ísafjarðar í skíðagöngu.

10:00-18:00 Leikjadagur fyrir börn á öllum aldri í íþróttahúsinu á Þingeyri á vegum Höfrungs.

11:00-15:00 Hábítur í Heimabæ. Í Fjósinu í Arnardal verður boðið upp á gómsætan árdegisverð fyrir þá sem vilja vera vel nærðir fyrir Aldrei fór ég suður. Súpa og brauð, amerískar pönnukökur, egg, beikon, pylsur og ýmislegt annað góðgæti. Söngkonan og sjarmatröllið Mysterious Marta syngur fyrir gesti kl. 12:30. Sætaferðir frá Hamraborg kl. 11, 12, 13 og 14 www.arnardalur.is

13:00 Páskaeggjamót 3X Technology á Tungudal og Seljalandsdal fyrir börn fædd 1996 og síðar.

14:00 Leikhúspáskar á Ísó – Dimmalimm, Tjöruhúsið Ísafirði. Miðapantanir: www.komedia.is og í síma: 891 7025.

15:00-18:00 Billustofa í túninu heima.

16:00-02:00 Aldrei fór ég suður- rokkhátíð alþýðunnar.

19:00-23:59 Sjávarréttahlaðborð í kjallaranum (ef næg þátttaka fæst). Ómar Smári Kristinsson sýnir teikningar í Kjallaranum. Gréta Gísladóttir sýnir málverk í salnum.

23:00 Tónleikar með hljómsveitinni Klezmer Kaos á Vagninum á Flateyri.

Skíðasýning í Rögnvaldarsal, BSV og Ísfirðingafélagið

Sunnudagurinn 12. apríl

10:00-17:00 Skíðasvæðin á Tungudal og Seljalandsdal opin.

9:00 Messa í Ísafjarðarkirkju.

9:00 Hátíðarmessa í Hólskirkju.

9:00 Hátíðarmessa í Þingeyrarkirkju, morgunverður í félagsheimilinu eftir messu í boði sóknarnefndar.

10:00 Helgistund á Sjúkrahúsinu í Bolungarvík.

10:00 Páskamessa í Flateyrarkirkju. Brauð og kaffi að athöfn lokinni.

11:00 Messa í Hnífsdalskapellu.

12:00 Dorgveiði gegnum ís í Hólmavatni, Dýrafirði.

14:00 Garpamót í svigi í Tungudal.

14:00 Páskamessa í Holtskirkju. Kaffi eftir messu.

14:00 Leikhúspáskar á Ísó – Auðun og ísbjörninn, Tjöruhúsið Ísafirði. Miðapantanir: www.komedia.is og í síma: 891 7025.

14:00-17:00 Kaffihlaðborð og kvartett mæðgnanna í Arnardal. Hnallþórur og hnossgæti í Fjósinu í Arnardal. Söngfuglarnir Margrét Geirs og dætur hennar þrjár Helga Margrét, Anna og Agnes syngja ljúflingslög kl. 15 og aftur kl. 16. Upplagt fyrir stórfjölskyldurnar sem koma saman um páskana að fá sér sunnudagsbíltúr í Arnardal eins og forðum daga. www.arnardalur.is

23:59-03:00 Singstar í Kjallaranum.

Mánudagurinn 13. apríl

10:00-17:00 Skíðasvæðin á Tungudal og Seljalandsdal opin.
Skíðasýning í Rögnvaldarsal, BSV og Ísfirðingafélagið, hönnuður sýningar Rakel Sævarsdóttir.
Málverkasýningin Tvennur á gangi Edinborgarhússins. Þetta er 34. einkasýning ísfirska myndlistarmannsins Péturs Guðmundssonar.
Götubingó fjölskyldunnar. Götubingó fyrir alla fjölskylduna.
Nokkurs konar ratleikur þar sem gengnar eru mismunandi göngu-leiðir í bænum og númerum safnað. Miðar seldir í Hamraborg.

www.skidavikan.is

Einar Yngvason

Einar Yngvason fæddist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði þann 1. júní 1963. Hann er yngstur fjögurra systkina, barna þeirra hjóna Yngva Guðmundssonar og Sigrúnar Einarsdóttur. Elst er Þuríður sem býr í Mosfellsbæ, næst var Guðmundur Geir sem dó þegar Einar var á tólfta ári síðan kemur Auður sem Einar var svo kurteis við að hann leyfði henni að fæðast örlítið á undan sér eða u.þ.b. 10 mínútur.

Einar er ekki beint kominn af fólki sem keppti mikið á skíðum, mamma hans er fædd í Hafnarfirði en fluttist tveggja ára til Ísafjarðar og pabbi hans er fæddur í Reykjavík og ólst upp á Lindargötunni. Pabbi hans stundaði þó talsvert íþróttir, var í frjálsum og keppti í handbolta, varð t.d Íslandsmeistari með ÍR árið 1946. Einnig þjálfaði hann aðra flokka í handbolta. Á yngri árum fór hann mikið á skíði. Sennilega hefur hann haft þetta frá pabba sínum en hann keppti í hlaupum og var mikill útilífs maður.

Að alast upp á Ísafirði eru mikil forréttindi, fjöllin og fjaran og allt þar á milli. Ég ólst upp á Engjavegi 27, hús sem pabbi byggði. Urðarvegurinn var ekki kominn þannig að við bjuggum í efstu götunni með gott útsýni yfir fótboltavöllinn sem var nokkuð gott því við systkinin vorum nokkuð mikið þar á sumrin. Við strákarnir í hverfinu vorum allir í boltanum á sumrin, sumir í Herði en aðrir í Vestra. Ég var í Herði

eins og sennilega allir strákarnir sem voru með mér í bekk og stunduðu eitthvað fótbolta og við vorum langbestir, að sjálfsögðu. Annars voru þetta hálfgerð trúarbrögð. Mig minnir að Gummi Kitta, vinur minn, hafi bara verið í Herði í nokkra daga en hafi orðið að láta undan vegna þrýstings eldri bræðra og gott ef hann fékk nokkuð að borða á meðan hann var í röngu félagi, hann var allavega grannur þá.

Ég man ekki hvenær ég fór fyrst á skíði en eitt er víst að það voru ekki gönguskíði. Á dauða mínum hefði ég frekar átt von en að ég ætti nokkurn tímann eftir að hlaupa um á svoleiðis spækjum hring eftir hring.

Ég byrjaði fyrst að dröslast með Geir bróður upp í Stóruurð sem þá var aðal skíðasvæðið en var aðallega bara að renna mér á rassinum í brekkunni. Seinna lá svo leiðin upp á Seljalandsdal þar sem hófst mikill barningur við að komast upp með lyftunni. Skíðin sem ég hafði voru ekki upp á marga fiska og því síður bindingarnar eða skórnir. Eitthvað fannst Geir bróður, sem æfði svigskíði af kappi, þá að það þyrfti að gera í þessu máli og gekk í því að við Auður fengjum betri búnað ef við færum að æfa svigskíði. Það var ekki aftur snúið, svigskíðin voru eftir þetta númer eitt, tvö og þrjú.

Á þessum árum var talsvert meiri snjór en hefur verið hér undanfarin

ár og því mun fleiri sem stunduðu skíði en nú. Þegar við púkarnir í hverfinu vorum orðnir dálítið betri á skíðunum og það var kannski lokað uppi á Dal þá fórum við upp í Urð. Ef það voru margir í Stóruurðinni þá fórum við í Litluurðina sem er hinum megin við hrygginn. Þar lögðum við jafnvel brunbraut sem byrjaði uppi í miðju fjalli og endaði niðri á fótboltavelli. Einhver tók tímann og svo létum við vaða niður í gegnum skógræktina hjá vatnssíuhúsinu, yfir Urðarveginn og niður á milli húsanna hjá Gulla og Gumma Sveins, yfir Engjaveginn og vonandi sáu mamma og pabbi ekki, yfir Seljalandsveginn og niður á fótboltavöll. Þetta var oft hrikalega gaman en stundum lenti maður í trjánum og þurfti þá á smá huggun að halda. Ég keppti síðan á nokkrum unglingalandsmótum og síðan á landsmótum fullorðinna, á svigskíðum að sjálfsögðu.

Gönguskíðin voru reyndar aldrei langt undan, Geir hafði keppt nokkrum sinnum í Fossavatnsgöngunni og einn vinur minn, hann Pétur, var öðruvísi en við hinir og lagði stund á skíðagöngu enda sonur Odds Pétursonar skíðakappa. Eitthvað togaði þetta í mig og fór ég stundum með þeim feðgum inn í Tungu og það má segja að Oddur hafi kennt mér grunninn sem ég hef svo byggt á. Það var svo ekki beint til að minnka forvitni mína á gönguskíðum að ég var í fjögur sumur í sveit hjá Símoníu og Sigurjóni og Bjarna eða Tungubræðrum eins og þeir voru oftast kallaðir, miklir göngugarpar en voru farnir að minnka það að vera á skíðum þegar ég var þar í sveit. Ég keppti á mínu fyrsta göngumóti inni á Tungutúnum ellefu ára og það var Pétur sem dró mig í það. Ég man enn í dag hvernig brautin var og gæti sennilega lagt hana eins í dag. Kitti Kristjáns (Kitta á ýtunni) startaði fyrstur, svo Jón Heimir, þá Siggi Sigga Láka, svo Óskar Gústafs kennara, síðan Lúlli Óla Lúðvíks, þá ég og Pétur síðastur. Ég varð nr. 2, fór fram úr öllum nema Kitta en Pétur varð fyrstur, 10 sek á undan mér. Ég var á skíðunum hans pabba, Splitken tréskíðum 2,10 m á lengd og líka í skónum sem pabbi átti og voru nr. 43 en pabbi hafði sett bómull í tána til að ég hreyfðist minna í þeim.

Það tíðkaðist dálítið þá að menn kláruðu keppnistímabilið með því að fara í Fossavatnsgönguna hvort sem þeir voru göngumenn eða svigmenn og árið 1978, þá 15 ára, fór ég mína fyrstu Fossavatnsgöngu og gekk bara fínt. Árið eftir vann ég svo flokk 16 ára og yngri en það var sennilega síðasta árið sem svo ungir fengu að fara gönguna. Árið 1980 verð ég svo nr. 9 í Fossavatninu, þá kom Gaui Höskuldar að máli við mig og taldi það víst að ég væri ekki að keppa í réttri íþrótt, gönguskíðin ættu miklu betur við mig. Ég var nú ekki alveg sammála enda hafði ég afskaplega gaman af því að vera á svigskíðum og flestir félagarnir voru þar. Það var svo ekki fyrr en um miðjan febrúar árið eftir sem ég tók þá ákvörðun að fara að æfa gönguskíði. Það auðveldaði þetta töluvert að Auður hætti líka á svigskíðunum og skipti yfir á gönguskíðin um svipað leyti.

Ég hef aldrei séð eftir því að hafa hætt á svigskíðunum þó svo að ég æfði gönguna markvisst einungis í 4 1/2 ár. Það var mikill munur á æfingunum í þessum greinum, allt varð miklu markvissara og sumaræfingarnar breyttust úr fótbolta og öðru álíka yfir í hlaup og hjólaskíði eftir ákveðnu plani sem sett var upp með ákveðið markmið til að stefna á.
Einar Óla, Muggur, Bjarni, Heimir, Binni, Auður, Stella, Ósk, Auður, Svanhildur og Eyrún voru að æfa á þessum árum, fínn hópur sem æfði vel og markvisst, ég æfði upp undir 800 tíma á ári. Eini titillinn sem ég vann var í boðgöngu en þá hafði Ísafjörður ekki unnið í boðgöngu karla á landsmóti í 25 ár. Það voru ég, Bjarni Gunnars og Einar Óla sem brutum þetta blað á Siglufirði 1985. Ég keppti einu sinni á heimsbikarmóti unglinga á Ítalíu og var þar sennilega fyrstur Íslendinga til að nota skautatak í keppni. Svo komum við heim og sýndum hinum þetta fyrirbæri að skauta en það er búið að þróast mikið síðan.

Ég fór svo í Tækniskólann 1986 og fór lítið á skíði næstu árin nema að ég reyndi ávallt að komast í Fossavatnsgönguna. Seinna fluttist ég til Noregs, átti þá orðið son sem heitir Konráð og er nú að læra byggingarverkfræði í háskólanum í Narvik. Í Noregi keppti ég á nokkrum mótum en flest voru það trimmgöngur 20 km eða lengri. Þar voru sennilega bröttustu og lengstu brekkur sem ég hef bæði farið upp og niður. Ein er kölluð Dreparinn, álíka

löng og frá Hjallavegi og upp á Gleiðarhjalla, síðan fer brautin að sjálfsögðu niður aftur. Við Konni Eggerts kepptum svo í einni sem við gleymum seint því þar var ein brekka sem þeir höfðu aðvörunarskilti við og á því stóð „bremsið hér". Við skildum þetta þegar við komum fram á brún og sáum skóginn lengst fyrir neðan. Það var bara látið vaða og það þýddi ekkert að bremsa því skógarstígurinn var svo mjór. Ég var 20 mín á undan Konna og það kom illa við hann þar til hann fann út að fyrsti maður í flokki 65 ára var 5 mín á undan mér. Þá leið honum strax betur en var hissa hvað ég var lélegur. Hringdi svo í Gunnar P. og hneykslaðist á mér en Gunnar vildi bara komast að því hvað gamlinginn æti eiginlega.
Eftir að ég fluttist heim aftur fór ég varla á skíði í nokkur ár nema að ég rölti Fossavatnsgönguna eins og vanalega.

Á þessum árum kynntist ég konunni minni, henni Emelíu Þórðardóttur, fann hana úti í Bolungarvík en hún er Strandamaður, fædd og upp alin í Djúpuvík. Við keyptum okkur hús á Hjallaveginum og fórum svo að fylla í herbergin. Hún átti fyrir Kristin Ísak Arnarsson og ég hann Konna. Daníel Ágúst fæddist 1997 og svo Katrín Ósk 1999.
Um haustið 1998 hittumst við félagarnir ég, Muggur, Heimir og Hlynur. Við stofnuðum með okkur félagskap sem við kölluðum VASA 2000 og var megin markmiðið að fara að hreyfa sig aftur og að taka þátt í Vasagöngunni árið 2000. www.vasa2000.blogcentral.is.Við æfðum mjög vel saman í 1 1/2 ár en því miður komumst við ekki allir í gönguna því Heimir meiddist og varð frá að hverfa en fór í hana árið eftir. Við vorum svo að spá í að fara aftur í gönguna árið 2002 og skráðum okkur og æfðum vel en á einni æfingunni fórum við Heimir að velta því fyrir okkur hvort það væri svo skemmtilegt að fara alltaf í sömu gönguna, hvort það væri ekki skemmtilegra að hafa meiri fjölbreytni í þessu og kynnast um leið fleiri mótum.
Það varð úr, eftir að við höfðum kynnt okkur hvað væri í boði, að við ákváðum að taka þátt í Worldloppet mótaröðinni og stefna að svokölluðum Worldloppet Gold Master titli. Til að öðlast þennan titil þarf maður að keppa í minnst 10 göngum sem allar þurfa að vera 50 km eða meira og í minnst tveim heimsálfum. Við handsöluðum þetta og ætluðum að klára þetta á 10 árum. Verðugt langtíma markmið og vel raunhæft. Við Heimir seldum síðan startnúmerin í Vasagönguna en fórum þess í stað í Birkebeinerrennet veturinn 2002 í Noregi. Þessi ganga er mjög frábrugðin Vasagöngunni því það eru miklu meiri brekkur í henni en hún er að sama skapi dálítið styttri eða 58 km og þó nokkrir Íslendingar höfðu tekið þátt í henni. Árið 2004 bættist Gunnar málari í hópinn og við fórum til Kanada og tókum þátt í Keskinada göngunni sem er 50 km með frjálsri aðferð. Enginn Íslendingur hafði tekið þátt í þessari göngu áður og hrepptum við hörku frost eða allt að -30 stig. Vorum við vel vaktaðir á leiðinni og vorum vafðir um andlitið með trefli ef þeir sáu frostbit í andlitinu á okkur. Mér varð svo kalt á tánum að það tók nokkra daga að koma lífi í þær aftur. Helgina á eftir vorum við komnir til Bandaríkjanna og tókum þátt í American Birkebeiner sem er 50 km og er líka með frjálsri aðferð. Við vorum líka fyrstu Íslendingarnir sem tóku þátt í þessari göngu og var þetta ein sú skemmtilegasta ganga sem ég tekið þátt í. Hún byrjaði í Cabel og endaði í miðbæ Hayward þar sem var mikil stemning. Árið 2006 fórum við Gunnar til Austurríkis og kepptum í 60 km göngu sem heitir Dolomitenlauf en hún er haldin í bænum Liens. Hún endaði flott í miðbænum en var að öðru leyti flöt og leiðinleg. Helgina á eftir fórum við til Ítalíu og kepptum í Marcialonga sem er 70 km löng með frjálsri aðferð. Brautin er flöt en skemmtileg að öllu leyti og endar í 1,5 km langri brekku. Þriðju helgina kepptum við svo í König Ludwig Skilanglauf í Oberammergau í Þýskalandi. Brautin, sem endar í miðbænum, er 50 km löng og virkilega skemmtileg. Í næstu ferð 2007 vorum við fjórir; ég, Einar Birkir, Heimir og Gunnar. Við fórum til Eistlands og kepptum í Engadin Skimarathon sem er 50 km og mjög fín ganga. Helgina á eftir vorum við í Finnlandi og kepptum í Finlandia Hiihto göngunni sem er 50 km og er gengin hefðbundin. Keppnin fer fram í Lahti sem er mikill skíðabær. Í fyrra fórum við Gunnar svo til Sviss og tókum þátt í Engadin Skimarathon sem er 50 km löng ganga með frjálsri aðferð og er virkilega skemmtilegt mót í léttri braut. Þátttakendur voru u.þ.b. 13.000 sem slagar nú hátt í Vasagönguna. Þarna kláraði ég svo markmiðið sem við Heimir lögðum af stað með 2002 og varð fyrsti Íslendingurinn til að hljóta titilinn Worldloppet Gold Master með skírteini nr: 2627. www.worldloppet.com
Ýmislegt annað hefur maður svo verið að fást við. Mér hefur tekist að smita konuna af skíðadellunni og börnin eru á fullu í þessu líka. Við Emma og Gunna (í Samkaupum) fórum til Övertornea í Svíþjóð og kepptum í Tornedalsloppet sem er 45 km ganga þar sem gengið er yfir Norðurheimskautsbaug. Þetta var talsvert öðruvísi ferð en hinar sem ég hafði farið enda tvær frekar óreyndar konur með mér í ferðinni. Ferðin varð reyndar ein sú besta sem ég hef farið og fyrir utan þennan fína félagsskap þá fengum við alveg frábært veður í göngunni og Svíarnir voru svo ánægðir með að fá okkur frá Íslandi. Emma fór svo í Vasagönguna 2007 og gekk bara vel. Krakkarnir Daníel og Katrín voru vart farin að ganga þegar þau fóru fyrst á gönguskíði. Það hefur nú mest verið mamma þeirra sem hefur komið þeim áfram í þessu en ekki ég. Fjölskyldan fer svo á Andrésar andar leikana á hverju ári og hefur þeim gengið vel þar einnig höfum við farið saman á önnur mót innan Íslandsgöngunnar.
Eitt mót stendur þó alltaf upp úr sama hvert um heiminn maður fer en það er Fossavatnsgangan sem er bara hér hjá okkur. Núna í vor fer ég í mína 27. göngu. Það eru ekki margir á mínum aldri sem hafa farið svo margar en aðrir eldri hafa farið fleiri.
Þríþraut: Eitt af því sem ég hef dálítinn áhuga á er þríþraut. Árið 2002 fórum við hjá VASA2000 að halda keppni í þríþraut, hún er frekar stutt en á móti höfum við fengið marga þátttakendur. Nú er hugmyndin að prófa þetta frekar og fara í hálfan „Ironman" fyrir sunnan í sumar. Markmiðið er svo að fara í fullan „Ironman" eftir eitt til tvö ár. Í „Ironman" þarf maður að synda tæpa 4 km, hjóla 180 km og hlaupa 42 km eða maraþon. Ég held að enginn hér á Ísafirði hafi gert þetta og því tími til kominn. Þetta er verðugt markmið og nauðsynlegt fyrir íþróttamann að hafa eitthvað til að stefna að.


Vesturferðir
Fossavatnsgangan 2009
Pakkatilboð á elstu og fjölmennustu almenningsgöngu á Íslandi
Flug, gisting í tvær nætur með morgunverði, ferðir til og frá flugvelli og ferðir til og frá keppnisstað.
Nánari upplýsingar í síma 456 5111 eða á info@vesturferdir.is
ÍSAFJÖRÐUR
FOSSAVATN.COM
Að sjálfsögðu bjóðum við einnig uppá fjölbreyttar ferðir vítt og breytt um Vestfirði
Vigur, Hesteyri, Hornvík
Hornstrandir,Bátaferðir, Fuglaskoðun
Gönguferðir, Kayakferðir og margt fleira
Vesturferðir
Sími: 456 5111
info@vesturferdir.is
www.vesturferdir.is

Íþróttamiðstöðin Árbær Bolungarvík
Sundlaug Bolungarvíkur verður opin í páskavikunni sem hér segir:
6. apríl, mánudagur 08:00-10:00 / 13:00-19:00
7. apríl, þriðjudagur 13:00-21:00
8. apríl, miðvikudagur 08.00-10.00 / 13:00-21:00
Á skírdag, föstudaginn langa, laugardag fyrir páska, páskadag og annan í páskum frá kl.10:00 til kl.18:00
Sundlaugargarður með heitum pottum og vatnsrennibraut.
(tilvalið að klippa auglýsinguna út og hengja hana t.d á ísskápinn)
Velkomin til Bolungarvíkur!
Munið að það er frítt í sund fyrir börn 6 ára og yngri og nemendur Grunnskóla Bolungarvíkur


vaXon.is
SportCafe
Pool
Billiard
Pýthokkí
Fótboltaspil
• Heitur matur í mötuneytinu alla daga frá kl. 12-13 og 18-20.
• Tilvalið fyrir iðnaðarmenn og tímabundið fólk.
Dart
Poker
Pílukast
Borðtennis
Box, formúla 1 og fótbolti á breiðtjaldi
P.s. erum að leita að starfsfólki á kvöldvaktir.
Áhugasamir hringi í síma 862-2221!
vaXon.is - Sportcafe
Aðalstræti 9 - Bolungarvík
Sími 456 7999 & 862 2221
Opnunartími:
Sun, þri, mið, fim, fös 06-22
Laugardaga 06-01

ALDREI FÓR ÉG SUÐUR

rokkhátíð alþýðunnar



Aldrei fór ég suður – rokkhátíð alþýðunnar hefur verið haldin í Skíðavikunni á hverju ári frá 2004. Eins og löngu er orðið kunnugt er hátíðin hugarfóstur, eða kannski drykkjuórar, þeirra feðga Guðmundar Magnúsar Kristjánssonar og Arnar Elíasar Guðmundssonar sem betur eru þekktir sem Muggi og Mugison.

Fyrsta hátíðin var haldin á neðri hæð sushiverksmiðjunnar Sindrabergs við smábátahöfnina á Ísafirði. Að mörgu var að hyggja við undirbúning og framkvæmd hátíðarinnar en það kom aðstandendum þægilega á óvart hversu hjálpsamir bæjarbúar voru; fyrirtæki, einstaklingar og opinberar stofnanir. Allt frá fyrstu stundu hafa rokkbændur alls staðar komið að opnum dyrum og rekur þá ekki minni til að hafa nokkurn tímann fengið neikvætt svar við sínum erindum. Erfitt er að ímynda sér annan bæ á landinu þar sem samheldnin og nágrannakærleikurinn er nógu mikil til að tæknilega mögulegt sé að halda stóra rokkhátíð á þennan hátt.

Í upphafi voru vinir Arnar Elíasar úr poppheiminum fengnir til að koma fram, sem og þeir heimamenn sem voru að gera eitthvað sniðugt. Allt frá upphafi hafa skipuleggjendur verið fullir auðmýktar yfir þeim mikla áhuga sem hátíðinni hefur verið sýndur. Vilji listamanna og fjölmargra sjálfboðaliða til að vinna kauplaust hefur verið með slíkum ólíkindum að við göpum af undrun á hverju ári. Allt baslið væri til lítils ef enginn vildi spila og enginn vildi hlusta.

Eitt af einkennum Aldrei fór ég suður er þátttaka heimamanna. Eins og áður segir leggjast allir á eitt við undirbúning og framkvæmd hátíðarinnar og koma menn þar úr ólíkum kimum samfélagsins. Engu virðist skipta þó menn hafi ekki nokkurn áhuga á popp- eða rokktónlist, allir eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum. Þá er erfitt að ímynda sér nokkra rokktónleika þar sem tónleikagestir eru eins ólíkir og á Aldrei fór ég suður. Börn með frystihúsaheyrnahlífar eru eitt það fyrsta sem manni dettur í hug þegar talið berst að tónleikunum. Mæður með barnavagna, gamalmenni og unglingar, frystitogarasjómenn og menningarvitar, allir skemmta sér saman á Aldrei fór ég suður.

Annað einkenni hátíðarinnar er miðaverðið sem haldið hefur verið í núlli. Þetta hefur verið mögulegt með aðkomu allra bakhjarla hátíðarinnar, hvort sem það eru stórfyrirtæki sem hafa haft kjark og þor til að leggja stórfé í jafn óvenjulegt verkefni og þetta, eða lítil fyrirtæki og einstaklingar í bænum sem hafa skaffað vöru og þjónustu fyrir lítinn eða engan þening. Þá hafa listamenn frá upphafi gefið sína vinnu, enda hafa þeir litið á Aldrei fór ég suður sem eitt stórt og gott partý en ekki einhverja bransahátíð.

Þetta árið hefur hátíðin fengið myndarlegan stuðning frá Flugfélagi Íslands og Vodafone. Þar að auki hafa Tónlistarsjóður, Ísafjarðarbær og Menningarráð Vestfjarða stutt rækilega við bakið á hátíðarhöldurum. Stuðningur þessara aðila er ómissandi og gerir aðstandendum mögulegt að halda áfram á sömu braut.

Páskahelgin hefur alltaf verið mikill uppskerutími í ísfirsku menningar- og mannlífi. Skíðavikan hefur verið haldin í meira en sjötíu ár og eru ísfirskir hús-eigendur fyrir löngu vanir því að öll gestaherbergi fyllist um páska þar sem brottfluttir ættingjar og vinir streyma aftur í heima-hagana. Það sem kannski hefur breyst með tilkomu rokkhátíðarinnar er að venslalausir eru farnir að setja mark sitt á páskana. Til bæjarins kemur nú fólk sem alla jafna myndi varla fara norður fyrir Grafarvog, hvað þá alla leið vestur til Ísafjarðar.

Það virðist vera almennt álit meðal Ísfirðinga að Aldrei fór ég suður sé kærkomið innlegg í þá viðamiklu dagskrá sem er í boði í Skíðavikunni.

Mæðgurnar

Mæðgurnar eru Rannveig Hjaltadóttir sem nú keppir og æfir í 13 – 14 ára flokki og undirrituð Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir sem æfði og keppti í 13 – 14 ára flokki fyrir nokkrum árum.
Báðar eigum við það sameiginlegt að finnast skíðin það skemmtilegasta í heimi og stunda þau af krafti. Rannveig æfir 5 - 6 sinnum í viku og þess á milli stundar hún brekkurnar grimmt, á skíðum eða bretti, ýmist með vinum eða fjölskyldu. Ég æfði skíði í mörg ár en hætti um 17 ára aldurinn. Fer nú á skíði eins oft og ég kemst með fjölskyldunni. Báðar höfum við mæðgurnar prófað bretti og er Rannveig orðin mjög leikin.
Ég fór á Andrésarleika númer 2, 3, 4 og 5. Mætti svo aftur með Rannveigu 25 árum síðar á 30. leikana árið 2005. Síðan hefur fjölskyldan farið reglulega á Andrés og eru það með skemmtilegri fríum enda margir vinir okkar þar samankomnir. Þó leikarnir séu mun stærri og glæsilegri nú en í upphafi þá er andinn sá sami og alltaf jafn gaman að vera með.

En þó ánægjan og gamanið af skíðaiðkuninni hafi ekkert breyst þá hefur nú næstum flest annað breyst mikið. Móðirin stundaði skíðin í stretsbuxum og prjónapeysu, sumir notuðu reyndar púðapeysu en ég varð aldrei svo forfrömuð. Notaði eitt par af skíðum og stöfum, svo var húfa á höfuðið og skíðagleraugu. Rannveig er með öllu meiri útbúnað. Nú er stórsvigsgalli, púðapeysa undir, bakhlíf og legghlífar, hlífar á stafi og hjálmur með spöng á höfuðið. Tvenn skíði, svig og stórsvig og tvö pör af stöfum, svig og stórsvig. Svo eru stuttbuxur yfir gallann og vesti.

Ég man þegar fyrsti troðarinn kom, trúlegast var það í kringum 1976-77. Það var mikil bylting að skíða í troðnum brekkum, þó ég muni reyndar ekki mikið hvernig var áður en hann kom!! Hins vegar er mér mjög minnisstætt þegar við æfingakrakkarnir vorum fengnir til að fóttroða í efri lyftunni á Seljalandsdal. Líklegast var það fyrir landsmót 1979. Farið var upp á einu skíði, gengið niður í breiðri röð og svo farið aftur upp á hinu skíðinu og gengið niður aftur. Svo fóru

einhverjir upp og sóttu öll skíðin. Troðararnir voru ekki eins öflugir á mínum tíma og því tíðkaðist að þegar við vorum að skoða brautirnar í keppnum að láta okkur skoða upp. Þá þurftum við að þramma á skíðunum gegnum öll port upp brautirnar fyrir hvora ferð, þannig þjappaðist snjórinn betur og brautin grófst minna. Trúlegast myndu Rannveig og félagar eitthvað malda í móinn ef þau væru beðin um að gera slíkt hið sama.

Rannveig byrjaði að æfa 6 ára gömul hjá Skíðafélaginu. Fyrstu þjálfararnir hennar voru Birna Jónasar og Hansína Gunnars. Ég byrjaði 7 eða 8 ára, elti Önnu stóru systur á fyrstu æfingarnar. Þá voru þau nokkrir eldri krakkar að æfa sjálf og litla systir fékk að þvælast með. Þá voru enn notaðar bambusstangir. Fljótlega komu svo plaststangir, rauðar og bláar. Stöngunum var bara stungið niður með handafli, enginn bor og engir lyklar, enda ekki gormastangir. Ef snjórinn var mjög harður var erfitt að koma stöngunum niður og þá var tekið skíði og því stungið niður og reynt að gera holu. Síðar komu

skipulagðar æfingar með þjálfurum. Meðal þeirra sem þjálfuðu mig voru Hafsteinn Sig., Valli Jónatans, Einar Valur eldri, Siggi Bóa, Sirra Gríms, Stína Úlfs og Láki Baxter.
Þjálfarar Rannveigar hafa verið Birna Jónasar og Hansína, Jói Bæring, Sigga Láka, Fanney, Láki Baxter og Hafsteinn Sig og svo auðvitað Kiddi Flosa. Gaman er að því, að þeir Hafsteinn og Láki hafa þjálfað okkur mæðgurnar báðar.

Árið 1981 fór ég 13 ára í æfingarferð til Geilo í Noregi í 2 vikur. Þá fóru engir foreldrar með, bara einn þjálfari með 15 unglinga! Allt gekk þó vel og allir komu heilir og glaðir heim. Ég fann hvað ég hafði gott af þeirri ferð, mikil skíðun strax í byrjun vetrar og árangur varð betri. Hef ég síðan verið mjög fylgjandi æfingaferðum erlendis. Rannveig hefur farið tvisvar sinnum í æfingaferðir til Austurríkis. Fyrri ferðin var 2005 til Wagrain, þá var hún 9 ára og fór með pabba sínum. Seinni ferðin var farin 2007 til Schladming og þá vorum við fjögur úr fjölskyldunni, Davíð 4 ára var skilinn eftir

heima. Svo ætluðum við stórfjölskyldan, foreldrar, þrjú börn, afi Gulli og Gunnlaugur frændi í ferð til Val di Femme á Ítalíu í janúar, sú ferð var því miður blásin af en í staðinn fórum við í „Ítalíuferð“ til Akureyrar, þar sem við skíðuðum

straumur
HAFNARBÚÐIN
3X TECHNOLOGY
BÍLATANGI HF. ÍSAFIRÐI
JAKOB VALGEIR EHF
HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
SJÓVÁ ALMENNAR
ATVINNUÞRÓUNARFÉLAG VESTFJARÐA
lev LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR VESTFJÖRÐUM EHF.
ÞRYMUR HF.-VÉLSMIÐJA
ÞRYMUR HF. – Vélsmiðja
ÞRISTUR ORMSSON

með ættingjum og vinum í viku í Hlíðarfjalli. Þar fékk Rannveig að fara á æfingar með Akureyringunum en við hin lékum okkur á skíðum og brettum.

Þegar ég fór í keppnisferðalög var alltaf farið fljúgandi, enda ekki hægt að keyra að vetri til á þeim tíma. Ekki man ég eftir neinum dósasöfnunum eða sölumennsku af neinu tagi til að hafa upp í kostnað, hvað þá að ég hafi velt fyrir mér hver borgaði brúsann. Nú eru krakkarnir keyrðir á mót enda er það ódýrasta leiðin. Reyndar fór Rannveig á mót í Oddsskarði í vetur og þangað fór hópurinn fljúgandi, enda um langan veg að fara. Við undirbúning þeirrar ferðar rifjuðu bræður mínir, Jónas og Gísli, upp ferð á Unglingameistaramót sem haldið var á Seyðisfirði 1970 en þangað fóru þeir siglandi með varðskipi Landhelgisgæslunnar og tók ferðin alls tvo sólarhringa með tilheyrandi sjóveiki.
Þótt tæknin hafi mikið breyst, útbúnaðurinn annar, skíðin orðin styttri og breiðari, lyfturnar fleiri og brekkurnar betur unnar þá breytist það ekki að skíðamennska er frábær íþrótt og ekki hægt að eyða frítíma sínum betur en á skíðum með fjölskyldunni og vinum.

Þó æfingum móðurinnar hjá Skíðafélaginu hafi lokið fyrir mörgum árum fer enn mikill tími í starf fyrir Skíðafélagið. Öll vinna við mót, bæði bikarmót og innanfélagsmót er unnin af foreldrum og öðrum velunnurum félagsins. Það er skemmtilegur og samheldinn hópur fólks, að miklu leyti sama fólkið og maður æfði og keppti með á árum áður, eins og Friðgerður Ómars, Sólrún Geirs, systkinin Freyja og Gaui Óla og Þórunn Páls. Kannski við sjáum Rannveigu eftir 20 ár á Dalnum með sínum æfingafélögum að halda mót fyrir sín börn.

Andrésar andar leikarnir



Við erum tveir bræður sem eigum heima á Ísafirði. Við höfum báðir stundað gönguskíði af kappi í nokkur ár og vegnar okkur afskaplega vel. Ekki er langt síðan fjölskylda okkur flutti heim til Íslands frá Noregi en þar er skíðaíþróttin einmitt afar vinsæl. Eldri bróðirinn steig fyrst á gönguskíði ellefu ára að aldri í Hvammskogen, en það er lítið skíðasvæði rétt fyrir utan Bergen. Sá yngri prófaði gönguskíðin ekki fyrr en við vorum flutt hingað til Ísafjarðar og var hann þá 8 ára gamall. Báðir höfum við tekið þátt í mörgum og fjölbreyttum skíðamótum og eigum við eflaust eftir að taka þátt í mun fleiri mótum.

Þegar við vorum spurðir að því hvaða mót okkur þætti skemmtilegust vorum við sammála um að Andrésar andar leikarnir sköruðu fram úr. Þetta er eins og margir vita eitt alfjölmennasta skíðamót landsins og ef til vill það skemmtilegasta. Fannar hefur tekið þátt í leikunum þrisvar sinnum en Arnór tvisvar. Arnór keppti á sínum síðustu leikum á nýliðnu ári en Fannar á enn eftir að sækja nokkrar keppnir. Við bræður eigum svo eina hressa yngri systur sem stundar þessa íþrótt af kappi. Hún hlakkar líka alltaf til að keppa á Andrésar andar leikunum. Tilhlökkunin og spenningurinn sem fylgir því að keppa er gífurleg. Óhætt er að segja að Hlíðarfjall við Akureyri hafi að geyma eitt albesta alpagreina- og gönguskíðasvæði landsins. Þetta er afar vel útbúið skíðasvæði og tilvalið að halda þar stórmót fyrir krakka. Leikarnir byrja á mikilli skrúðgöngu og er gengið frá íþróttahúsi KA niður að íþróttahöllinni við Þórunnarstræti. Hver einstaklingur gengur þá með sínu félagi og oft er mikið fjör og söngvar sungnir fullum hálsi.

Það tekur að sjálfsögðu mikið á meðan á keppni stendur. Í startinu finna margir oft fyrir mikilli pressu og er tíminn gjarnan lengi að líða. En þegar búið er að ræsa og allir lagðir af stað verður líðanin betri. Skemmtilegt finnst okkur hve margir eru að hvetja okkur og gefur það manni töluverða auka orku. Að venju eru myndatökumenn í brautinni og smella þeir einni mynd af hverju einasta barni og gefst fólki tækifæri til þess að kaupa þessar myndir. Þá er gott að nýta tækifærið og þykjast vera í toppformi þegar stórri linsu er skyndilega beint að manni. Sú tilfinning að koma í mark er stórkostleg og verður hún jafnvel enn betri ef náð er á verðlaunapall. Starfsfólkið í gönguskálanum á leikunum er afar indælt og brosa bæði fullorðnir og börn til manns sama hvar á svæðinu maður er. Á meðan á keppni stendur koma færir skíðakappar í Andrésar andar líki af og til og heilsa upp á fólkið. Þá hlaupa margir krakkar til þeirra, heilsa þeim og jafnvel henda snjókúlum í þá. Að venju er svo skroppið í sund að lokinni keppni og slakað vel á.

Á kvöldin er haldið niður í íþróttahöll Akureyrar og fer þar fram verðlaunaafhending fyrir hvern keppnisdag. Höllin er að vanda þétt setin af krökkum, foreldrum, skyldfólki og jafnvel vinum. Góð stemmning myndast í höllinni og er það mikil upplifun að standa frammi fyrir troðfullum íþróttasal og taka á móti verðlaunum. Það tekur oftast langan tíma að úthluta öllum verðlaununum og getur það reynst mörgum erfitt að sitja kyrrir allan tímann. Á lokakvöldinu þegar leikunum er slitið kemur gjarnan hljómsveit og spilar fyrir keppendur og gesti. Allir keppendur á Andrésar andar leikunum fá glaðning að loknu móti og má segja að enginn fari tómhentur heim. Við mælum eindregið með því að krakkar sem æfa skíði fari á þetta glæsilega mót.

Við þökkum kærlega fyrir okkur.

Arnór Freyr Fjölnisson og Fannar Ingi Fjölnisson.

Að fara á Andrésar andar leikana á Akureyri

Það er fastur punktur hjá fjölskyldunni að fara á Andrésar andar leikana á Akureyri og er alltaf lagt af stað á miðvikudegi fyrir sumardaginn fyrsta. Við byrjuðum á því að fara með mömmu og pabba áður en við máttum byrja að keppa sjálfar því þá vorum við að horfa á Óla Njál bróður okkar og eldri frændsystkini að keppa.

Það er alltaf byrjað á skrúðgöngu við KA- heimilið og gengið niður að íþróttahöllinni, liðin labba með héraðsfánann sinn og sumir syngja baráttusöng. Svo eru leikarnir settir og eldur er kveiktur sem logar alla leikana. Hver dagur endar svo alltaf í höllinni og þá er verðlaunaafhending og er það alltaf gaman. Það er mjög gaman að fara á svona stórt mót því þá kynnist maður mörgum krökkum og ekki er verra þegar manni gengur vel. Svo er rosalega gaman að vera í hópnum 9-14 ára sem gistir annars staðar en foreldrarnir og fer gjarnan með rútu því þá tengist hópurinn saman og við eldri hjálpum jafnvel til með þessi yngri sem eru að fara í fyrsta skipti án mömmu og pabba. Það er farið í sund og margt annað þegar maður er ekki í fjallinu. Í fjallinu er alltaf búið að setja upp Andrés önd, Mikka mús, Jóakim aðalönd og svo er líka Kakókanínan, þessar fígúrur eru settar hér og þar um fjallið og svo kemur Andrés önd skíðandi niður og er jafnvel líka undanfari í brautinni.

Þegar maður má byrja að keppa þá byrjar maður á því að fara niður leikjabraut sem er alltaf gaman að fara í og oftast mikið lagt í hana, fara í gegnum göng, skíða undir boga og margt annað skemmtilegt. Allir fá svo verðlaunapening í höllinni um kvöldið. Svo seinni daginn er farið í stórsvig og þá fær ákveðið hlutfall keppenda í hverjum aldursflokki verðlaun. Það var pínu skrítið að keppa í fyrsta sinn í stórsviginu, sex ára, því það er aldrei tekinn tími á okkur hér heima á þeim aldri, þannig að maður þekkir þetta ekki, en það er bara gaman. Svo þegar maður verður eldri þá er keppt í svigi og stórsvigi.

Eftirminnilegustu leikarnir hjá mér, Hafrúnu, eru þegar ég var í 9 ára flokknum og lenti í öðru sæti í mínum flokki í svigi en svo datt ég í stórsviginu og var frekar svekkt með mig þar, en ég var fljót að jafna mig. En annars finnst mér alltaf gaman.

Ásthildur tók þátt í fyrsta skipti í fyrra og keppti í stórsviginu fyrri daginn og varð Andrésarmeistari í sínum flokki s.s. 6 ára stúlkur og kom það öllum á óvart því það var búið að lesa hana upp í 18. sæti í 6-7 ára flokki, en það var ákveðið að hafa þetta sitt hvorn flokkinn því keppendur voru svo margir eða í kringum 160. Svo var farið í leikjabrautina og var það mjög gaman. Okkur finnst þetta mjög skemmtilegt á Andrés og gaman þegar mamma, pabbi, frænka, frændi og allir hinir hvetja mann áfram hvernig sem gengur hjá manni. Við systur ætlum að halda áfram að fara á Andrésar andar leikana á Akureyri og hvetjum alla til að koma og æfa skíði því það er svo gaman.

Hafrún Lilja og Ásthildur Jakobsdætur.

Einstök skíðagönguferð við flestra hæfi

Safnast saman við neyðarskýlið að Látrum við upphaf páskaferðar 2007

Við sjávarhúsið að Látrum páskana 2008

Undanfarin ár hafa Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar staðið fyrir gönguskíðaferð um páskana frá Látrum í Aðalvík til Hesteyrar. Upphaflega buðu Djúpferðir upp á slíkar ferðir og þá frá Hesteyri til Látra og var þátttaka almennt góð. Þegar Sjóferðir hófu þessar ferðir var ákveðið að snúa ferðaleiðinni við, enda auðveldara að ganga frá Látrum til Hesteyrar, ekki síst þar sem brekkur ofan í Hesteyrarfjörð eru mun meira aflíðandi og þægilegri til niðurferða. Ferðaleiðin er tiltölulega stutt og fljótfarin, eða milli 8 og 10 km og tekur um fjórar klukkustundir með rólegri yfirferð.

Ferðin er yfirleitt farin á föstudaginn langa og er lagt af stað frá Ísafjarðarhöfn snemma morguns. Vissulega spilar veðrið sitt hlutverk, enda ekki farið í vályndum veðrum eða erfiðum sjógangi. Siglt er út Ísafjarðardjúp og fyrir Ritinn til Aðalvíkur og eru ferðamenn fluttir í land í lendingunni við sjávarhúsið að Látrum. Eftir stutt stopp er gengið á sléttlendi inn Látrabás í átt að Bjarnardalsmúla. Þaðan er hækkað rólega upp Reiðardalinn og upp á brún. Í brekkunum er áð við nesti, sögur og sumir bjástra við skíði sín. Af brún er gengið í átt að Hesteyrarskarði eftir hallalitlu landi, allt að efstu drögum Hesteyrardals. Þaðan taka við hallalitlar brekkur allt niður að þorpi á Hesteyri þar sem bátur bíður skíðamanna.

Ofan Hesteyrardals 2008, langar og aflíðandi brekkur

Ferðin er tiltölulega auðveld og raunar á flestra færi. Ferðamenn þurfa að vera vel klæddir og með nesti. Hægt er að taka af sér skíðin og ganga, ekki síst ef fólki er verr við brekkur. Þá er einnig hægt að fara gangandi milli Látra og Hesteyrar, en þá þarf að ráðfæra sig við leiðangursstjóra. Skíðafæri hefur verið jafn misjafnt og fjöldi ferða, allt frá miklum snjó með sólbráð til lítilla snjóalaga þar sem taka hefur þurft af sér skíði og ganga yfir stöku mela og hryggi. Ís getur verið á leiðinni. Við slíkar aðstæður er reynt að krækja hjá honum eins og kostur er.

Ávallt hefur ríkt mikil ánægja með ferðina hjá göngumönnum og margir undrað sig á því hve auðveld hún er í raun og gerir ekki kröfur um mikla skíðafærni. Þá er einnig ánægjulegt að tekist hefur að halda úti þessum dagskrárlið Skíðavikunnar í mörg ár enda byggir skíðavikan einmitt á útiveru, samveru og skemmtilegum heföum.

Jón Björnsson

Framför, styrktarsjóður skíðamanna, var stofnaður um páskana 2008

Stofnfélagar voru á milli 30 og 40. Ritnefnd Skíðablaðsins lék forvitni á að fá fréttir af Framför og hafði samband við Einar Ólafsson, upphafsmann Framfarar. Gefum Einari orðið:

„Segja má að Framför sé að stíga sín fyrstu skref og hefur það gengið vel. Þegar lagt er af stað í langferð er best að fara sér hægt, sérstaklega ef óveður er úti eins og nú er. Þá er bara að klæða sig vel og fara vel undirbúinn af stað og þá mun allt blessast. Eða eins og máltækið segir „Allt sem gerist hægt er gott". Kreppan hefur að vísu áhrif á þá söfnun sem fór af stað fyrir rösku ári en það slær okkur ekkert út af laginu. Við hugsum þetta til mjög langs tíma og erum ekkert að flýta okkur. Sjóðurinn ákvað að standa fyrir fáum fjáröflunum á ári og reyna þá að safna miklu í einu hverju sinni. Við fórum í að skrifa bók um ísfirska Ólympíufara og kom sú bók út rétt fyrir síðustu jól. Nú þegar hafa selst tæp 100 eintök og er það samkvæmt vonum og áætlunum. Við vonumst til að hún muni eitthvað seljast um páskana og á næstu árum því innihald hennar er eitthvað sem flestir Ísfirðingar hafa gaman af og gott er að glugga í bókina fyrir skíðaáhugafólk, sérstaklega fyrir þá sem tengjast Ólympíuförunum á einhvern hátt. Bókin er um 150 blaðsíður í lit og með harðri kápu. Það er hægt að kaupa bókina í Núp, Hamraborg, Íslensku Ölpunum og svo hjá stjórnarmönnum Framfarar. Öll innkoma af sölu bókarinnar rennur óskert í sjóðinn því við fengum styrk frá Menningarráði Vestfjarða og fyrirtækjum fyrir prentunarkostnaðinum. Ég held að fæstir þeir sem vissu um tilvist bókarinnar hafi gert sér í hugarlund að hún yrði svona vönduð og mikið í hana lagt - en það fóru ófáir tímar í vinnslu hennar. Samhliða útgáfu bókarinnar, í desember 2008, hélt Steinunn Jónasdóttir ljósmyndasýningu af núlifandi Ólympíuförum í Edinborgarhúsinu.

Það næsta sem við gerum í fjáröflun fyrir sjóðinn er að halda páskahlaðborð í Edinborgarhúsinu miðvikudaginn 8. apríl frá kl. 19-22. Þar verða ýmis skemmtiatriði m.a. frá Litla Leikklúbbnum og kvennakórnum Valkyrjurnar. Svo verður uppboð á ýmsum hlutum m.a. veiðihjóli frá Fossdal, stólnum Dropa, sem hlaut viðurkenningu á hönnunardögum, skartgripum frá Dídí Tofa og Aurum, skúlptúrverki frá Guðrúnu Halldórs og fötum frá GusT. Allur ágóði af uppboðinu og sölu aðgöngumiða rennur beint í styrktarsjóðinn. Með þessu vonumst við til þess að ná fram skemmtilegri stemmningu í byrjun páskavikunnar. Í beinu framhaldi af hlaðborðinu eða frá kl. 22 um kvöldið verður önnur skemmtun þar sem Kvartett MÍ rifjar upp gamla takta og svo leika Milljónamæringarnir fyrir dansi. En þetta tvennt er sjóðnum óviðkomandi nema að því leyti að það yrði frábært kvöld fyrir fólk að fara á allt þetta þrennt og byrja páskavikuna með stæl.

Hvað næstu skref varðar þá er kannski of snemmt að segja til um það.

Annars má segja að sjóðurinn hafi óbeint hafið úthlutun á styrkjum, en tveir einstaklingar hafa fengið styrk í nafni sjóðsins þó svo að ekki hafi verið til innistæða fyrir þeim styrkjum, en þessir styrkir voru gefnir af velviljuðu fyrirtæki í nafni Framfarar. Stefna sjóðsins er að úthluta ekki styrkjum fyrstu tvö árin. Það þýðir samt ekki að ekki sé hægt að sækja um styrki til sjóðsins fyrr. Það eru nokkur velviljuð fyrirtæki sem vilja hjálpa til og á næsta ári mun sú leið verða farin að úthluta styrkjum í nafni sjóðsins í gegnum þau fyrirtæki. Þannig að þeir skíðakrakkar sem hafa einhver plön fyrir næsta skíðaár mega endilega leggja inn umsókn. Við munum áður en veturinn er á enda, setja inn á vefsíðu sjóðsins leiðbeiningar til umsækjenda.

Að lokum vil ég hvetja fólk til að fara inn á vefsíðu sjóðsins, www.skiframfor.is, og kynna sér sjóðinn, reglur hans og framtíðaráform. Ef áætlanir sjóðsins ná fram að ganga þá má gera ráð fyrir að innan 10 ára sé hægt að úthluta um einni milljón króna, en það er u.þ.b. það sem kostar að halda einum unglingi uppi í skíðamenntaskóla í einn vetur. Eftir 30 ár ætti, ef áætlanir okkar standast, að úthluta á hverju einasta ári 4 - 5 milljónum. Eftir 50 ár mætti úthluta á hverju ári um 10 milljónum króna. Eftir 100 ár um 50 milljónum og svo framvegis. Það er svo einungis ímyndunaraflið sem segir til um hvað hægt er að gera eftir okkar daga.

Ef við hins vegar verðum svo heppin að einhver kvótakóngurinn eða einhver efnaður einstaklingur gefi stóra fjárhæð í sjóðinn þá munu þessar upphæðir byrja fyrr að fara úr sjóðnum í formi styrkja - en reglur sjóðsins eru að veita aldrei hærri styrk en sem nemur helmingi ávöxtunar sjóðsins. Þannig nær sjóðurinn að vaxa þó svo lítið eða ekkert safnist eitthvert árið. Að endingu vona ég að einstaklingar og fyrirtæki verði dugleg að styðja við bakið á sjóðnum svo hann geti stutt við bakið á íþróttafólkinu okkar."

Fyrir þá sem vilja leggja sjóðnum lið látum við fylgja nauðsynlegar upplýsingar:

Framför - Styrktarsjóður skíðamanna, Brautarholti 14, 400 Ísafjörður, Banki: 0556-04-250285, kt. 600508-0670.

Gluggað í gömul albúm Einherja

Eftir að Skátafélagið Einherjar á Ísafirði var stofnað árið 1928 var skíðaíþróttin einn meginþátturinn í vetrarstarfsemi þess. Félagið gekkst fyrir skíðakeppnum fyrir félaga sína næstu árin og var síðan þátttakandi í öllum skíðamótum, sem Ísfirðingar tóku þátt í, allt til ársins 1945 en þá ákvað stjórn félagsins að hætta þátttöku í opinberum mótum.

Árið 1937 tóku sjö Einherjar þátt í fyrstu landskeppninni á skíðum sem fram fór í Hveradölum syðra. Þessi keppni hlaut nafnið Thule-mótið og voru þau mót eins konar undanfari Skíðamóts Íslands. Næstu árin tóku Einherjar árlega þátt í Thule-mótunum og síðar Landsmóti skíðamanna, eins og það var upphaflega nefnt, en fyrsta mótið fór fram á Siglufirði árið 1938.

Þó að Einherjar hættu þátttöku í opinberum skíðamótum 1945, voru árlega haldin innanfélagsmót þar sem bæði ylfingar og skátar leiddu saman hesta sína. Þetta voru flokkakeppnir. Eitt slíkt mót var haldið í apríl vorið 1971 og fór göngukeppnin fram í Tungudal en svigkeppnin í Stórurð sem þá var ennþá aðalæfingasvæði ungra skíðamanna á Ísafirði. Í göngukeppni skáta sigraði skátaflokkurinn Úlfar. Á myndinni eru f.v: Gunnar Halldórsson, Jónas Gunnlaugsson, Einar Valur Kristjánsson og Guðjón Davíð Jónsson. Á hinni myndinni eru þátttakendur í svigkeppni ylfinga sama ár. F.v: Gunnar B. Ólafsson, Marzellíus Sveinbjörnsson, Garðar S. Gunnarsson, Pálmi Kr. Jónsson, Vilhjálmur Ólafsson, Axel Gunnlaugsson (látinn), Reynir Erlingsson og Brynjar Konráðsson. Í flokkakeppninni sigruðu Gulir en það voru Garðar, Reynir og Pálmi.

Landsmót skíðamanna var háð á Akureyri árið 1940. Sex Einherjar tóku þátt í mótinu. Magnús H. Kristjánsson sigraði glæsilega í 18 km göngu í A-flokki en fjórði varð Gísli, bróðir hans. Í B-flokki sigraði Sigurður Jónsson einnig glæsilega en Sveinbjörn Kristjánsson varð nr. fimm. Þessi sveit sigraði í flokkakeppni í 18 km göngu. Ekki var þá keppt í boðgöngu, heldur lagður saman tími fjögurra bestu manna í A og B-flokki. Keppni í boðgöngu var fyrst tekin upp á landsmóti árið 1949 og sigraði sveit Ísfirðinga sem þá keppti fyrir Skíðaráð Ísafjarðar. Hún sigraði einnig næstu tvö árin þar á eftir. Magnús og Gísli voru móðurbræður Kristjáns Rafns Guðmundssonar, sem síðar gerði garðinn frægan. Nú hafa sonardætur hans tekið við keflinu og náð góðum árangri í skíðagöngu. Á sjötíu ára tímabili hafa

SIGURSVEIT í 18 km. skíðagöngu á Landsmóti skíðamanna 1940. Sveinbjörn Kristjánsson, Gísli B. Kristjánsson, Sigurður Jónsson og Magnús H. Kristjánsson. Sitjandi: Tryggvi Þorsteinsson, fararstjóri.

því fjórir ættliðir haldið uppi merki Ísfirðinga í skíðagöngunni.

Þessi mynd var áður birt í 20 ára afmælisriti Skátafélagsins Einherjar sem út kom árið 1949.

Ljósmyndari var M. Simson.
Texti og aðrar myndir: Jón Páll Halldórsson

Púkamótið 2009

Púkamótið var haldið í þriðja skipti helgina 21.-22. febrúar síðastliðinn. Nú var það undir merkjum Íslandsbanka en áður Glitnis. Keppt var á brettum, gönguskíðum og í alpagreinum, tveim greinum í hverju. Keppendur voru um 140, 12 ára og yngri, og komu frá Hólmavík, Akureyri, Dalvík og Reykjavík, auk heimamanna. Veðrið hefði mátt vera betra en það hefði líka getað verið miklu verra. Aðalatriðið er að keppt var í öllum fyrirhuguðum greinum, dagskrá raskaðist ekki mikið og gestirnir komust allra sinna ferða á áætluðum tíma. Myndirnar á Púkamótinu tóku „hirðljósmyndarar" Skíðafélags Ísfirðinga: Guðmundur Rafn Kristjánsson (Muggur) og Benedikt Hermannsson.

EIGUM VON Á NÝRRI SENDINGU FYRIR PÁSKA!
ENDILEGA KOMIÐ VIÐ!

GLEÐILEGA PÁSKA!

Opnunartími
Skírdagur 12-18
Föstudagur 13-16
Laugardagur 13-16
Sunnudagur 13-16

MONRÓ

Opnunartími sundstaða yfir páskahelgina

Ísafjörður

Mán 6.4.	Kl. 07-10 og 12-22
Þri 7.4.	Kl. 07-10 og 18-22
Mið 8.4.	Kl. 07-10 og 12-22
Fim 9.4.	Kl. 12-22
Fös 10.4.	Kl. 12-20
Lau 11.4.	Kl. 12-18
Sun 12.4.	Kl. 12-18
Mán 13.4.	LOKAÐ

Flateyri

Mán 6.4.	Kl. 14-19
Þri 7.4.	Kl. 14-19
Mið 8.4.	Kl. 14-19
Fim 9.4.	Kl. 14-19
Fös 10.4.	Kl. 14-19
Lau 11.4.	Kl. 14-19
Sun 12.4.	LOKAÐ
Mán 13.4.	Kl. 14-16

Suðureyri

Mán 6.4.	LOKAÐ
Þri 7.4.	Kl. 16-20
Mið 8.4.	Kl. 16-20
Fim 9.4.	Kl. 16-20
Fös 10.4.	Kl. 16-20
Lau 11.4.	Kl. 12-17
Sun 12.4.	Kl. 12-17
Mán 13.4.	Kl. 12-17

Þingeyri

Mán 6.4.	Kl. 7.45-11.30 og 15-19.30
Þri 7.4.	Kl. 7.45-11.30 og 15-19.30
Mið 8.4.	Kl. 7.45-11.30 og 15-19.30
Fim 9.4.	Kl. 10-18
Fös 10.4.	LOKAÐ
Lau 11.4.	Kl. 10-18
Sun 12.4.	LOKAÐ
Mán 13.4.	Kl. 10-16

ÍSAFJARÐARBÆR

Steikarsamloka
með kryddlegnu nautakjöti, osti og sósu

ALVEG GEGGJUÐ!!!

HAMRABORG
Hamraborg ehf • Hafnarstræti 7 • Sími 456 3166

Skíðakona

opnar myndaalbúmið sitt

Anna María Guðjónsdóttir

Anna María Guðjónsdóttir fæddist árið 1989 og hefur alið allan sinn aldur á Ísafirði. Hún steig í fyrsta skipti á skíði aðeins tveggja ára og hefur eytt miklum tíma í skíðabrekkunum síðan. Skíðin eru aðaláhugamál hennar og hefur hún æft af kappi síðan hún hafði aldur til. Anna María útskrifast sem stúdent frá MÍ í vor en þessa dagana vinnur hún á leikskólanum Eyrarskjóli auk þess að þjálfa 11-12 ára krakka á skíðum. Og að sjálfsögðu æfir hún enn af kappi sjálf. Anna María var svo vinsamleg að opna myndaalbúmið sitt fyrir lesendur skíðablaðsins og má sjá afraksturinn hér á opnunni.

Landsbankinn
39

25 ára
Coca-Cola

Hvað eru vextir?

„Stuðla að ábyrgri fjármálakennslu í grunn- og framhaldsskólum landsins."
Karlmaður, 39 ára.

Íslandsbanki býður öllum krökkum á fermingaraldri á skemmtilegt fjármálanámskeið

Viðskiptavinir okkar hafa komið á framfæri ábendingum um mikilvægi þess að miðla fjármálaþekkingu til ungmenna. Til að bregðast við þessu mun Íslandsbanki bjóða öllum krökkum á fermingaraldri á fjármálanámskeið.

Námskeiðin verða haldin í samstarfi við Opna háskólann í Háskólanum í Reykjavík og er markmið þeirra að bæta fjármálafærni þátttakenda í raunhæfum og einföldum skrefum. Leiðbeinandi verður Þór Clausen, M.Sc. í fjármálum.

Fjármálanámskeið fyrir krakka á fermingaraldri verður haldið á Ísafirði þann 16. maí.

Nánari upplýsingar og skráning er á islandsbanki.is, opnihaskolinn.is eða í síma 599 6316.



Kynntu þér sniðugar fermingargjafir hjá Íslandsbanka

Framtíðarreikningur Íslandsbanka
Framtíðarreikningur ber hæstu innlánsvexti bankans hverju sinni og er kjörinn fyrir þá sem vilja gefa fermingargjöf sem vex.

Gjafakort Íslandsbanka
Með gjafakortinu getur þú verið viss um að gefa fermingargjöf sem allir kunna að meta.